



SKOÐUN Karl Guðlaugsson spyr hvort hjúkrunarfræðingar verði valdir með A-prófum. **15**



LÍFIÐ Er enn í skýjunum eftir að hafa sigrað í Ísland Got Talent á sunnudag. **30**



SPORT Bryndís Rún Hansen náði sögulegum árangri á Íslandsmeistararmótinu í sundi um helgina. **26**

Til hvers að flækja hlutina?

SJÁLFKRAFA Í BESTA ÆPREP!

365

365.is
Sími 1817

FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur

14. apríl 2015
86. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Framkvæmdir hafnar

Áætlað er að útilaug við Sundhöllina verði opnuð vorið 2017. Flutningur á rafloögum er hafinn. Bygging verður 25 m útilaug, vaðlaug, eimbað og pottar. Heildarkostnaður er áætlaður 1.420 milljónir króna. **2**

17 ára í varðhaldi Mæður sitja í varðhaldi eftir tilraun til stórfellds smygls. Stúlkan er barn samkvæmt lögum en ekki þykir rétt að vista hana án móður sinnar í sérstöku úrræði á vegum Barnaverndar. **4**

Virkjun 2017 Landsvirkjun og verktakafyrirtækið LNS Saga undirrituðu í gær samninga um byggingu Þeistareykjavirkjunar. Virkjunin hefur rekstur haustið 2017 en fyrsti áfangi kostar allt að 24 milljörðum. **6**



Vinnustöðvun frestað Samninganefnd AFLS starfsgreinafélags hefur frestað verkfalli undirverktaka hjá Alcoa Fjarðaáli um átta sólarhringa.

Svo virðist sem skriður sé kominn á viðræðurnar og vonast er eftir því að samningar náist. **8**



SHANDOR
14

2 SÉRBLÖÐ

Sumardekk | Fólk



SPENNTAR Ballerínur úr Ballettskóla Eddu Scheving voru spenntar í gær á lokaæfingu fyrir vorsýningu skólans í Borgarleikhúsinu. Þrjár sýningar verða haldnar í dag þar sem ballettdansararnir sýna uppskeru dansársins. **FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR**

Búist við kjötskortri

Dýralæknar eru meðal stétta Bandalags háskólamanna sem boðað hafa verkfall frá og með næsta mánudegi. Dragist verkfallið á langinn hverfur fersk kjötvara hratt úr búðum. Tæki og skepnur fara ekki yfir varnarlínur og hluti útflutnings truflast.

KJARAMÁL Komi til verkfalls dýralækna næsta mánudag gæti orðið kjötskortur í verslunum innan fárra daga.

Finnur Árnason, forstjóri Haga, segir erfitt að segja nákvæmlega til um áhrif verkfalls á verslanir. „Kjötið klárast tiltölulega hratt, en ég veit að einhverjir eru að sækja um undanþágur þannig að á þessari stundu er ekki víst hvernig þetta endar,“ segir hann. Vari verkfallið í skamman tíma segir hann einhver áhrif verða, en ekki mikil. Vari það hins vegar lengi verði áhrifin mikil.

„Við fáum ferskvöru daglega,“ segir Finnur og telur líklegt að hún klárast á tveimur til þremur dögum í verkfalli. „Síðan eru einhverjar meiri birgðir af frosinni vöru.“

Þá komi verkfall dýralækna mismunandi niður á kjötttegundum. „Það er ekki sláturtíð í lambakjöti

svo að birgðastaða þess er bara birgðastaðan í landinu og þarf ekki dýralækna til að klára söluna á því, þannig að það myndi líklega duga okkur fram á haust.“ Áhrifin komi hins vegar strax fram í því að skrúfist fyrir framboð á svína-, kjúklinga- og nautakjöti.

Í tilkynningu sem Guðbjörg Þorvarðardóttir, formaður Dýralæknafélags Íslands, sendi frá sér í gær kemur fram að flestir dýralæknar í opinberri þjónustu starfi hjá Matvælastofnun og að komi til verkfalls raskist starfsemi stofnunarinnar töluvert.

Hún bendir á að komi til verkfalls frá og með næsta mánudegi, 20. apríl, líkt og boðað hefur verið stöðvast slátrun í landinu, dýralæknar votti ekki flutning þar sem þarf og ábendingum um brot á velferð dýra verði ekki sinnt. Þá stöðvist útflutningur dýraafurða til ríkja



„Kjötið klárast tiltölulega hratt, en ég veit að einhverjir eru að sækja um undanþágur þannig að á þessari stundu er ekki víst hvernig þetta endar.“

Finnur Árnason, forstjóri Haga.

utan Evrópska efnahagssvæðisins. Þá verði hætt útgáfu vottorða vegna útflutnings gæludýra og ekki verði gefin út vottorð vegna flutnings tækja eða skepna yfir sjúkdómavarnalínur.

- óká



VINDMYLLUR Horft til Íslands. **NORDICPHOTOS/AFP**

Mæla vindorku í Grindavík: Þýskt félag vill virkja á Íslandi

ORKUMÁL Þýska fyrirtækið EAB vill fá heimild bæjaryfirvalda í Grindavík til að setja upp vindmyllugarð í sveitarfélaginu.

Ætlunin er að byrja á að setja upp vindmæla á svæðinu. „Ég veit nú eiginlega ekki til hvers. Ég held að það geti ekki verið ákjósanlegri staður,“ segir Hjálmar Hallgrímsson, formaður bæjarráðs Grindavíkur.

„Þetta snýst líka um það að sveitarfélögin eru hvorki að fá aðstöðugjöld eða fasteignagjöld eða neitt annað af þessum mannvirkjum,“ segir Hjálmar. EAB vilji fá land fyrir ekkert annað en „velvilja um að styðja við einhvers konar uppbyggingu í bænum“.


- gar / sjá síðu 10

www.volkswagen.is

Búðu þig undir það óvænta.

CAR OF THE YEAR 2015

VEÐUR



Vestlæg átt og áfram skúrir, en þurr fyrir austan. Hiti 2 til 7 stig að deginum. Norðlæg átt norðan til með svalara veðri og dálitlum eljum.

SKJÓL 20

Áhöfnin á varðskipinu Tý bjargaði yfir 500 manns í gær af tveimur litlum bátum á Miðjarðarhafi: Halda áfram að bjarga flóttafólki úr bátum

BJÖRGUN Varðskipið Týr bjargaði í gær yfir 500 flóttamönnum. Áhöfnin bjargaði fyrst 342 flóttamönnum af litlum trébát um 50 sjómíllur norðvestur af Trípólí í Líbíu en mikill leki var kominn að bátinum. Fjöldi kvenna og barna var í hópnum eða alls 135 konur og 27 börn. Nokkrar kvennanna eru barnshafandi. Veður á vettvangi var þokkalegt og gengu björgunaraðgerðir vel, að því er segir tilkynningu frá Landhelgisgæslunni.

Þegar áhöfnin hafði lokið við að koma öllum flóttamönnum um borð í Tý hélt varðskipið rakið ís að öðrum bát þar sem voru um 200 flóttamenn um borð. Aðstoðaði áhöfnin við að koma þeim um borð í annað skip á staðnum. Þegar því var lokið var haldið af stað með flóttamennina til hafnar á Ítalíu.

Gríðarlegur straumur flóttafólks er nú á þessu svæði og hefur á þriðja þúsund manns verið bjargað þar á síðustu dögum. -vh



FRÁ BJÖRGUNARÁÐGERÐUM 342 var bjargað úr einum bát og 200 úr öðrum. Mikið af konum og börnum var um borð. MYND/LANDHELGISGÆSLAN



Í RÚSTUNUM Sýrlenskur drengur bugaður af sorg í rústum byggingar eftir loftárás á Aleppo. NORDICPHOTOS/AFP

Ekkert lát á loftárásum stjórnarhersins á uppreisnarmenn:

Fimm skólabörn létu lífið

SÝRLAND Loftárásir stjórnarhersins hafa haldið áfram á íbúðarhverfi í Aleppo, sem uppreisnarmenn hafa haft á sínu valdi. Í gær lentu sprengjurnar á skólum og urðu að minnsta kosti fimm börnum að bana. Öllum skólum í hverfum uppreisnarmanna var í kjölfarið lokað og verður kennslu ekki haldið áfram það sem eftir er vikunnar, hið minnsta.

Átök stjórnarhersins við uppreisnarmenn hafa nú staðið yfir í fjögur ár og kostað meira en 200 þúsund manns lífið. -gb

Eiga 535,5 milljarða króna:

Raunávöxtun LSR 8,9 prósent

VIÐSKIPTI Nafnávöxtun eigna LSR (Lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna) var 10,1 prósent á síðasta ári. Það er í tilkynningu sjóðsins sagt svara til 8,9 prósent hreinnar raunávöxtunar.

„Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LSR síðustu fimm árin var 5 prósent.“ Tekjur af fjárfestingarstarfsemi á árinu 2014 eru sagðar hafa verið 49,5 milljarðar króna og heildareignir LSR 535,5 milljarðar króna í lok síðasta árs.

Á árinu fengu 18.542 sjóðfélagar eða makar þeirra lífeyrisgreiðslur frá sjóðnum, samtals 32,9 milljarða króna. -óka

Greiða atkvæði rafrænt:

Kosningu lýkur á mánudaginn

KJARAMÁL Rafræn atkvæðagreiðsla sextán aðildarfélag Starfsgreinasambandsins um heimild til verkfallsboðunar hófst í gærmorgun og stendur til miðnættis 20. apríl.

„Um er að ræða verkfallsboðun vegna félagsmanna sem starfa eftir kjarasamningum við Samtök atvinnulífsins,“ segir á vef Starfsgreinasambandsins.

Rúmlega tíu þúsund eru á kjörskrá. „Starfsgreinasambandið hvetur að sjálfsögðu alla kosningabæra félagsmenn til að taka þátt.“ -óka

Framkvæmdir við Sundhöllina hafnar

Áætlað er að útilaug við Sundhöllina verði opnað vorið 2017. Verið er að flytja raflagnir sem eru nálægt graftarsvæðinu og í því. Byggð verður 25 metra útilaug, vaðlaug, eimbað og pottar. Heildarkostnaður er áætlaður 1.420 milljónir króna.

BYGGINGAR Framkvæmdir vegna byggingar útilaugar sunnan við Sundhöllina við Barónsstíg eru hafnar. „Orkuveitan er með stóra spennistöð sunnan við Sundhöllina. Lagnir að og frá því húsi eru margar og nálægt graftarsvæðinu og inni í því að hluta. Tilflutningur á þessum lögnum er hafinn,“ segir Einar Hjálmar Jónsson, byggingatæknifræðingur og verkefnisstjóri nýju útilaugarinnar.



EINAR H. JÓNSSON

Hann getur þess að færa þurfi nær götunni lagnir sem eru undir gangstéttinni meðfram Sundhöllinni að vestanverðu.

„Það er ekki hægt að hengja þær í skurðbakkann eins og menn voru fyrst að velja fyrir sér.“ Jarðvinna fer fljótlega að hefjast, að sögn Einars. „Verktakinn er mættur á svæðið en raunverulegur uppgröftur hefst um leið og búið er að girða byggingarsvæðið varanlega af.“

Á svæðinu, sem Einar bendir á að sé reyndar afar þröngt, verður 25 m löng sundlaug, vaðlaug fyrir við hliðina og nuddpottur.

Við austurgafli Sundhallarinnar, þar sem nú eru nuddpottar, er stefnt að rólegu svæði með heitum pottum án vatnsnudds. „Þetta hefur ekki verið ákveðið endanlega en er álitnið heppilegt fyrir laugar-svæðið eftir stækkun,“ segir Einar.

Byggt verður nýtt anddyri sem verður sameiginlegt fyrir útilaug-



RAFLAGNIR FÆRÐAR Orkuveitan vinnur nú að tilflutningi raflagna áður en raunverulegur uppgröftur vegna laugarsvæðisins hefst. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



VIÐ SUNDHÖLLINA Áætlað er að svæðið verði opnað vorið 2017.



NÝJA LAUGIN Útilaugin verður 25 metra löng.

ina og gömlu innilaugina. Innangengt verður á milli lauganna.

Áætlað er að sundlaugarsvæðið verði opnað vorið 2017. „Það tekur tíma að steypa upp laugarker og svo þarf kerfið marga mánuði til að þorna. Sundlaugar eru öðruvísi en önnur mannvirki að þessu

leyti. Þetta spilar inn í verktímann,“ tekur Einar fram.

Kostnaður vegna viðbyggingarinnar er áætlaður 1.170 milljónir króna og endurbæturnar á eldra húsinu, það er Sundhöllinni sjálfri, 250 milljónir króna.

ibs@frettabladid.is

Jón Atli Benediktsson hlaut flest atkvæði í rektorskjöri Háskóla Íslands í gær: Kosið aftur eftir viku um rektor

KOSNINGAR Ekki náðist hreinn meirihluti í rektorskjöri Háskóla Íslands í gær og verður kosið aftur þann 20. apríl næstkomandi. Þrjú voru í framboði til rektors. Jón Atli Benediktsson hlaut flest atkvæði, eða 48,9 prósent, Guðrún Nordal fékk 39,4 prósent greiddra atkvæða og Einar Steingrímsson 9,7 prósent.

„Það munandi litlu en ég hlakka bara til að halda áfram. Það er nú yfirleitt kosið tvisvar í rektorskjörinu. En ég er bara mjög þakklátur fyrir þennan mikla stuðning,“ sagði Jón Atli í samtali við Fréttablaðið stuttu eftir að úrslit voru kunn.

Samkvæmt reglum háskólans þarf hreinan meirihluta atkvæða og því ljóst að kosið verður á ný milli tveggja efstu frambjóðendanna, þeirra Jóns Atla og Guðrúnar, á mánudaginn í næstu viku. -vh



KOSIÐ Á NÝ Björg Thorarensen les niðurstöður í rektorskjöri við Háskóla Íslands í gær. Kjósa þarf aftur á milli þeirra Jóns Atla Benediktssonar og Guðrúnar Nordal. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Verkalýðsfélagið Hlíf

Reykjavíkurvegi 64, 220 Hafnarfjörður - Sími 510 0800 - Fax 510 0809 - Netfang hlif@hlif.is

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Verkalýðsfélagsins Hlífar verður haldinn þriðjudaginn 21. apríl 2015. kl: 18:00, í Skútunni, Hólshrauni 3. Hafnarfirði.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kosning í kjörstjórn.
3. Önnur mál.

Léttur kvöldverður.

Stjórnin.



G-TEC FYRIR NÁTTÚRUNA OG VESKIÐ

ŠKODA Octavia G-TEC verð frá 3.420.000 kr.
Útborgun frá aðeins 342.000 kr.



Pú kemst lengra en borgar minna

Ef skynsemin réði værum við öll á ŠKODA Octavia G-TEC. Í honum samtvinnast fegurð, kraftur og virðing fyrir umhverfinu. G-TEC sameinar kosti metans og bensíns; þú nýtir íslenska orku og lækkar eldsneytiskostnað um allt að 35%. Hver vill ekki fara 1.330 km án þess að fylla á og fá svo líka frítt í stæði? Komdu og reynsluaktu ŠKODA Octavia G-TEC.



HEKLA og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan ŠKODA á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skylt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.



SPURNING DAGSINS



Olgeir, er þér mikið mál?

„Já, smámál getur oft orðið stór-mál.“

Olgeir Andrésen leiðsögumaður gagnrýnir harðlega slaka salernisaðstöðu fyrir ferðamenn víða um land. Jafnvel margra klukkustunda akstur sé á næsta salerni.

Munnlegur málflutningur um ómerkingarkröfu í Aurum-málinu fór fram í Hæstarétti í gær:

Er ekki eins og hver annar saksóknari

DÓMSMÁL Munnlegur málflutningur um ómerkingarkröfu ákærvaldsins í Aurum-málinu svokallaða fór fram í Hæstarétti í gær. Ríkissaksóknari fer fram á að dómurinn verði ómerktur vegna meints vanhæfis sérfróðs meðdómanda í málinu, Sverris Ólafssonar. Sverrir er bróðir Ólafs Ólafssonar, eins af sakborningum í Al Thani-málinu, sem var dæmdur í fangelsi fyrir aðild sína að því máli.

Ómerkingarkrafan er annars vegar byggð á ættartengslum Sv-

is við Ólaf og hins vegar á ummælum sem Sverrir lét falla eftir að dómur gekk í héraði. Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari sem flutti málið í héraði, hafði þá sagt í fjölmiðlum að sér hefði verið ókunnugt um bræðratengsl Sverris og Ólafs Ólafssonar.

Vararíkissaksóknari sagði að almennt leiddu ættartengsl dómara og sakbornings í öðru máli ekki til vanhæfis en það væri ekki svo í þessu máli. Bræðratengsl Sverris og Ólafs hefðu ein og sér átt að

nægja til þess að Sverrir væri vanhæfur. Aurum-málið og Al Thani-málið væru tengd, ekki síst vegna þess sem gengið hefur á í tengslum við þau hrunmál sem Embætti sérstaks saksóknara hefur sótt á síðustu árum.

„Ólafur Þór Hauksson, sem flutti málið í héraði, er ekki eins og hver annar saksóknari. Hann er holdgervingur Embættis sérstaks saksóknara og í forsvari fyrir það sem sumir hafa kallað ofsóknir,“ sagði Helgi Magnús.



VILL ÓMERKINGU Ríkissaksóknari fer fram á að dómurinn verði ómerktur vegna meints vanhæfis sérfróðs meðdómanda í málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sautján ára stúlka í gæsluvarðhaldi

Mæðgur sitja nú í gæsluvarðhaldi eftir tilraun til stórfellds smyglis. Stúlkan er barn samkvæmt lögum en vegna náinna tengsla sakborninga þykir ekki rétt að senda hana í sérstakt úrræði á vegum barnaverndar. Um geðheilsu stúlkunnar er að tefla.

LÖGREGLUMÁL Sautján ára stúlka sem var handtekin á föstudaginn langa á Keflavíkurflugvelli með móður sinni eftir tilraun til að smygla tæplega 20 kílóum af fíkniefnum til landsins var sett í einangrun vegna rannsóknarhagsmuna.

Sá úrskurður rann út á föstudag og stúlkan situr nú í gæsluvarðhaldi. Fíkniefnin sem fundust í farangri mæðganna eru meira magn en fannst hér á landi allt árið í fyrra. Um er að ræða amfetamín, kókaín og MDMA, sem tollverðir fundu í ferðatöskum þeirra.

Til greina kemur að stúlkan fari í fangelsi ásamt móður sinni. Lögreglan fundaði í gær vegna málsins með barnaverndaryfirvöldum og samkvæmt heimildarmanni Fréttablaðsins er um geðheilsu stúlkunnar að tefla. Málið er óvenjulegt og í andstöðu við ákvæði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem mælt er til þess að börn sitji ekki í fangelsi með fullorðnum. En þar sem um mæðgur er að ræða og tengsl þeirra eru afar nán þykir vandasamt að ákveða hver besta lausnin er.

Bragi Guðbrandsson hjá Barnaverndarstofu segir að samkvæmt öllum reglum ætti stúlkan að vera í þeirra umsjá. Hins vegar séu hagsmunir hennar ekki endilega þeir í þessu máli. „Það sem er verið að fara yfir er hvar bestu hagsmunir barnsins liggja. Hvort það er hægt að aðskilja mæðgurnar á þessu stigi og hvort það þurfi ekki frekari undirbúning. Það er í lögunum ákvæði sem heimilar það, ef bestu hagsmunir barnsins mæla með því, að það sitji í fangelsi með fullorðnum.“

Þarna eru mjög sérstakar aðstæður uppi. Það er ekki sjálfgefið að þær eigi að vera saman og það er ekki sjálfgefið heldur að



BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA OG RÉTTINDI UNGRA FANGA

Í gildi er samkomulag á milli Barnaverndarstofu og Fangelsismálastofnunar um gæsluvarðhald sakhæfra barna á aldrinum 15-18 ára. Þegar mál sem þessi koma upp er Barnaverndarstofu gert viðvart, sem var gert í tilfalli hollensku stúlkunnar. Það er gert í þeim tilgangi að tryggja að þegar barn er dæmt til gæsluvarðhalds eða fangelsisvistar eigi það að hafa val um að afplána í fangelsi með fullorðnum eða á meðferðarstofnun fyrir börn.

aðskilja þær,“ segir Bragi en í gær hafði mönnum ekki enn tekist að komast að niðurstöðu um málið.

„Það þarf að ræða við stúlkuna og það þarf að leggja sjálfstætt mat á málið. Það er ekki fyrirstaða af okkar hálfu eða Fangelsismálastofnunar. Við erum alveg á sama máli um hvernig þetta á að vinnast. Það er andlegt

ástand og líðan stúlkunnar sem ræður. Almennt séð er þetta ekki eitthvað sem við myndum setta okkur við.“ Staðan er erfið þegar kemur að afplánu kvenna þar til nýtt fangelsi á Hólmsheiði verður tekið í gænið.

Bæði karlar og konur afplána nú í Kvinnafangelsinu í Kópavogi sem stendur til að loka. Konur

Þetta fyrirkomulag um val sem er við lýði á Íslandi hefur verið gagnrýnt af barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna. Það er í andstöðu við c-lið 37. greinar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Sú grein kveður sérstaklega á um að börn sem svipt eru sjálfæði sínu skuli vera aðskilin frá fullorðnum. Mál mæðganna þykir hins vegar einstaklega vandasamt og hallast fagaðilar að því að það sé ekki ráðlegt geðheilsu stúlkunnar vegna að aðskilja þær.

hafa verið vistaðar á Sogni og á Kvíabryggju. Páll Winkel fangelsismálastjóri segir brýna þörf á að leysa málefni kvenfanga og segir margt koma til greina til að bæta stöðuna. „Til dæmis að opna álmu á Litla-Hrauni fyrir konur en aðrar hugmyndir koma einnig til greina,“ segir Páll.

kristjanbjorg@frettabladid.is

Í GÆSLUVARÐHALDI Mæðgurnar komu til landsins á föstudaginn langa með flugi frá Amsterdam og áttu pantað flugfar til baka á mánudagsmorgun. Þær voru vistaðar í lögreglustöðinni á Hverfisgötu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



→ Neyðarúrræði á vegum ríkisins

Tvær meðferðarstofnanir hér á landi eru í stakk búna til þess að taka á móti sakhæfum börnum: Meðferðarstofnunin Stuðlar og Háholt í Skagafirði. Nýlega var neyðarmóttaka endurbætt á Stuðlum. Nú er hún kynjaskipt, þrjú rými fyrir pílta og tvö fyrir stúlkur auk neyðarrýmis sem er hægt að nota í gæsluvarðhaldi. Þar er sérstakt baðherbergi og setustofa auk svefnadstöðu. Rýmið var innréttað í desember og hefur einu sinni verið notað í gæsluvarðhaldi síðan þá. Miðað er við að Háholt í Skagafirði taki af sér afplánu barna og að Stuðlar sinni gæsluvarðhaldi.

DANSANI®

FRÁBÆR
GÆÐI /
GOTT VERÐ

Uniq 4202

Glæsilega hannaður og vandaður sturtuklefi. Aðvældur í uppsetningu

IOI
ÍSLEIFUR JÓNSSON

www.isleifur.is

Draghals 14 - 16 Sími 4 12 12 00
110 Reykjavík Fax 4 12 12 01

TEMPERED GLASS
EN14428

Hollenska móðirin hafði ferðast tvisvar til Íslands á síðustu mánuðum: Útiloka ekki að fleiri tengist málinu

LÖGREGLUMÁL Móðirin hafði komið hingað til lands tvisvar áður á síðustu mánuðum. Þetta staðfestir Guðmundur Baldursson, lögreglufulltrúi hjá Lögreglunni á Suðurnesjum. Eftir að mæðgurnar voru teknar með fíkniefnin í farangri sínum var sett í gang stór og umfangsmikil tálbeituáðgerð sem leiddi til þess að íslenskur karlmaður á þrítugsaldri var handtekinn, grunaður um aðild að málinu.

Maðurinn hefur komið við sögu hjá lögreglu áður, en þá vegna smærri mála. Rannsókn málsins er í fullum gangi, mæðgurnar og maðurinn sitja í gæsluvarðhaldi. Ekki er útilokað að fleiri tengist málinu. „Þetta er mikið magn fíkniefna og það segir sig sjálft að svona mikið magn kallar á mikið af peningum. Þannig að við útilokum ekki að fleiri tengist málinu,“ segir Guðmundur.



TEKNAR Í LEIFSTÖÐ Mæðgurnar voru handteknar við komuna til landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

RENAULT CAPTUR HLAÐINN BÚNAÐI



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“

DÍSIL, BEINSKIPTUR. 3,6 l/100 km*
VERÐ: 3.490.000 KR.

DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR. 3,9 l/100 km*
VERÐ: 3.790.000 KR.

Innifalið í verði: 17" álfelgur, lykillaust aðgengi, tvílitur, skyggðar rúður, leiðsögubúnaður með Íslandskorti, tölvustýrð loftkæling, LED dagljós, bakkskynjarar, handfrjáls símabúnaður (Bluetooth), start/stopp ræsibúnaður, regnskynjarar á rúðupurrkum.

DÍSILBÍLARNIR FRÁ RENAULT SLÁ Í GEGN

Renault var þriðji mest keypti bíllinn á Íslandi 2014. Nýju Renault bílarnir hafa slegið í gegn með hagstæðu verði, ríkulegum búnaði og úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla með einstaklega hagkvæmri „Dual Clutch“ sjálfskiptingu. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault.



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

SVONA ERUM VIÐ



52 tegundir krossfiska, að minnsta kosti, er að finna á Íslandsmiðum.

Björgunarsveitir og slökkvilið kölluð út á Skjálfaflóa til að bjarga 24 farþegum á bátnum Faldi: Reykur kom upp í hvalaskoðunarbáti í gær

BRUNI Reykur kom upp í hvalaskoðunarbátum Faldi á vegum Gentle Giants á Skjálfaflóa um klukkan 10.30 í gærmorgun. Alls voru 24 farþegar um borð í bátum og voru þeir fluttir um borð í hvalaskoðunarbátinn Bjössu Sör. Enginn hlaut skaða af og farþegarnir kusu að halda hvalaskoðun áfram. Bættust farþegarnir 24 við þá 23 sem fyrir voru um borð í Bjössu Sör.

Samhæfingarstöð Almannavarna í Skógarhlíð var virkjuð í samræmi við hópslysaáætlun vegna farþegabáta á Skjálfaflóa. Björgunarsveitir í

nágrenninu voru einnig virkjaðar sem og slökkviliðin á Húsavík og Akureyri auk þess sem þyrja Landhelgisgæslunnar var kölluð út. Í tilkynningu frá Stefáni Guðmundssyni hjá Gentle Giants, segir að um lítils háttar reyk hafi verið að ræða sem komið hafi upp á útleið frá Húsavík, skammt utan við höfnina. Verður hafi verið hið besta og allar aðstæður góðar.

Stefán segir að öllum heilsist vel, bæði áhöfn og farþegum, og kann hann þeim sem tóku þátt í björgunaraðgerðunum bestu þakkir fyrir.



ALLT FÓR VEL Engum varð meint af þegar reykur kom upp í hvalaskoðunarbátum Faldi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓNAS EMILSSON



HÖFN Vanmátu þörf á gistirými.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ferðamannastraumur á Höfn: Breytt skipulag fyrir túristana

FERÐAÞJÓNUSTA Bæjarráð Hornafjarðar hefur samþykkt breytingar á aðalskipulagi vegna stóru aukins ferðamannastraums og vanmats á þörf fyrir gistirými í nýsamþykktu aðalskipulagi. Við þessu vilji sveitarfélagið bregðast skjótt.

Breytingin felur í sér að selja má fjögur gistirými í stað tveggja áður í íbúðarhúsi í þéttbýli og allt að átta gistirými í íbúðarhúsum á bújörðum. Einn bæjarfulltrúi aðalst efast um að takmörkunin í þéttbýli væri heimil og sat hjá.

-gar

Óhöpp á Suðurnesjum: Bifreið hafnaði utan vegar

LÖGREGLUMÁL Ökumaður, sem var á leið í Bláa lónið um helgina, missti stjórn á bifreið sinni með þeim afleiðingum að hún hafnaði utan vegar. Þarna voru á ferð tveir erlendir ferðamenn. Þeir sluppu báðir ómeiddir en bifreiðin var talsvert skemmd eftir óhappið.

Þá var lögreglan á Suðurnesjum einnig kvódd að Krossmóa í Reykjanesbæ þar sem ökumaður hafði stigið á bensínjóf í stað bremsu og ekið á aðra bifreið. Hann slapp einnig ómeiddur.

Loks var umferðarmerki ekið niður á Reykjanesbraut við Stekk og sá sem það gerði var horfinn af vettvangi.

-sgg

Peistareykjavirkjun sett í startholurnar


Landsvirkjun og verktakafyrirtækið LNS Saga undirrituðu í gær samninga um byggingu Peistareykjavirkjunar. Virkjunin hefur rekstur haustið 2017 en fyrsti áfangi kostar allt að 24 milljörðum. Áform um 2. áfanga liggja ekki fyrir.

ORKUMÁL Framkvæmdir við Peistareykjavirkjun hefjast innan fárra vikna en samningar milli Landsvirkjunar og LNS Saga um byggingu stöðvarhúss og veitna voru undirritaðir í gær. Stefnt er að því að virkjunin hefji rekstur haustið 2017.

Gert er ráð fyrir því að starfsmenn LNS Saga mæti á svæðið og hefji undirbúning framkvæmda á næstu vikum, en ef allt fer eftir áætlun fara byggingarframkvæmdir fram næstu tvö árin og uppsetning á vélum og öðrum búnaði árið 2017. Stefnt er að því að Peistareykjastöð verði tengd Landsneti sumarið 2017 og hefji framleiðslu inn á kerfið í október sama ár. Þegar starf verður muna hátt í 200 starfsmenn vera við vinnu á svæðinu á framkvæmdatímabilinu.

Unnið hefur verið að undirbúningi jarðvarmavirkjunar við Peistareyki til fjölda ára, en gert er ráð fyrir að þessi 45 MW virkjunaráfangi verði fyrsta skrefið í uppbyggingu jarðvarmavinnslu á svæðinu. Eins og Landsvirkjun hefur kynnt fyrir löngu þá er fyrirhuguð uppbygging í áföngum – eða „varfærin“ uppbygging.

Spurður um hvort eitthvað liggi fyrir um næstu skref segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, að ákvörðun um annan áfanga hafi ekki verið tekin og ráðist m.a. af þróun eftirspurnar eftir raforku á svæðinu. Spurður um uppbyggingu til lengri framtíðar segir Hörður: „Fyrir liggur umhverfismat fyrir allt að 200 MW virkjun á Peistareykja-



PEISTAREYKJIR Húsin rúma tvær 45 MW aflvélar – óvíst er hvenær ráðist verður í uppsetningu seinni vélarinnar. MYND/LANDSVIRKJUN

svæðinu. En þar sem stefnt er að þrepauppbyggingu er ljóst að ekki verður ráðist í öll 200 megavöttin í einu skrefi heldur í þrepa.

Fyrir höfðu verið undirritaðir samningar við Fuji Electric og Balcke Dürr um kaup á 45 MW vélasamstæðu sem tilkynntir voru í febrúar. Tilboðið var 75% af kostnaðaráætlun og metið á um 42 milljónir Bandaríkjadala eða tæpa sex milljarða króna.

Boraðar hafa verið átta vinnsluholur, sem skila gufu sem jafngildir um 50 MW rafafli, eða einni aflvél.

Heildarfjárhæð samninga Landsvirkjunar við verktakafyrirtækið LNS Saga er um 6,6 milljarðar króna, en áætlanir



HANDSALAÐ Ásgeir Loftsson frá LNS Saga og Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar.

gera ráð fyrir að heildarkostnaður við fyrsta áfanga virkjunarinnar nemi á bilinu 20 til 24 milljarða króna. Um 3/4 kostnaðar eru vegna samninga við innlenda aðila. svavar@frettabladid.is



NIÐURSKURÐUR Forstjóri biður aðstandendur sem koma í kirkjugarðana um skilning. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Færri sumarstarfsmenn: Forstjóri biður um skilning

REYKJAVÍK Framlag ríkisins til kirkjugarða landsins hefur nú verið skorið niður í sjö ár (2009-2015) og hafa Kirkjugarðar í Reykjavík ekki getað mannað sumarstörf sem skyldi.

Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Kirkjugörðum Reykjavíkur þar sem einnig kom fram að einungis yrði hægt að ráða 110 sumarstarfsmenn í ár. „Vonandi sýna aðstandendur, sem koma í kirkjugarðana, starfsfólki skilning þegar hægt gengur að slá og hirða grasið,“ segir Þórsteinn Ragnarsson forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkur.

-kbj

Offramboð af flugmönnum: Borga fyrir að fá að vinna

SAMGÖNGUR Verðstríð innan flugbransans auk offramboðs af flugmönnum hefur leitt til þess að margir þeirra borga nú fyrir að fá að vinna, að því er segir í frétt á vef Dagens Industri. Vitnað er í skýrslu starfsmanna Háskólans í Gent í Belgíu sem unnin var fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Í Svíþjóð hafa tveir flugmenn stefnt flugfélagi sem lét þá ekki fljúga alla tímuna sem þeir greiddu fyrir. Verðið er yfir 30 þúsund evrur fyrir 300 flugtíma.

-ibs



EIRVÍK Innréttingar

Glæsilegar eldhúsinnréttingar

Eirvík Innréttingar eru sérsníðaðar í Þýskalandi. Einingarnar koma samsettar til landsins sem sparar tíma í uppsetningu og tryggir meiri gæði.

Sérstæða okkar fellst í því að bjóða heildarlausn fyrir eldhúsið. Við höfum næmt auga fyrir smáatriðum og bjóðum persónulega þjónustu. Höfuðáhersla er lögð á lausnir sem falla að þörfum og lífsstíl hvers og eins.

Lítu við hjá okkur og fáðu tilboð í innréttinguna og eldhústækin og tryggðu þér raunveruleg gæði á réttu verði. Hönnun og ráðgjöf á staðnum.

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

TAX FREE

DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM SKÓM, DÖMU-
OG BARNAFATNAÐI
14.-19. APRÍL Í SKEIFUNNI,
HOLTAGÖRÐUM, SMÁRALIND,
BORGARNESI, SELFOSSI
OG NJARÐVÍK.

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á
bilaland.is

ALLT AÐ 90%
FJÁRMÖGNUN



TÖKUM NOTAÐAN
UPPI NOTAÐAN!
GERÐU FRÁBÆR KAUP!

HONDA CRV LIFESTYLE

Nýskr. 12/11, ekinn 46 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 191721.

Frábært verð!
4.290 þús.



NISSAN QASHQAI SE

Nýskr. 06/13, ekinn 36 þús. km.
dísil, beinskíptur.

VERÐ kr. 3.990 þús.

Rnr. 282179.



HYUNDAI i30 CLASSIC

Nýskr. 08/12, ekinn 45 þús. km.
bensín, beinskíptur.

VERÐ kr. 2.050 þús.

Rnr. 120591.



CHEVROLET CAPTIVA

Nýskr. 12/11, ekinn 44 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 4.990 þús.

Rnr. 282128.



VW TIGUAN TRACK & SPORT

Nýskr. 05/12, ekinn 48 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 4.740 þús.

Rnr. 142739.



SUBARU OUTBACK LUX

Nýskr. 03/13, ekinn 102 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 3.970 þús.

Rnr. 102524.



RENAULT MEGANE SP TOURER

Nýskr. 06/13, ekinn 45 þús. km.
Dísil, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 3.090 þús.

Rnr. 282164.

bilaland

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is



ALCOA FJARÐA-ÁLI Boðaðri vinnustöðvun var frestað um átta sólarhringa. Krafa AFLs er að lágmarkslaun undirverktaka verði tryggð og launakjör verði sambærileg og hjá starfsmönnum álversins.

Undirverktakar fresta vinnustöðvun

Samninganefnd AFLs starfsgreinafélags hefur frestað verkfalli undirverktaka hjá Alcoa Fjarðaáli um átta sólarhringa. Svo virðist sem ákveðinn skriður sé kominn á viðræðurnar. Munum nýta tímann vel, segir Sverrir Már Albertsson hjá AFL.

KJARAMÁL Samninganefnd AFLs starfsgreinafélags ákvað samhljóða um síðustu helgi að fresta boðuðu verkfalli undirverktaka hjá Alcoa Fjarðaáli um átta daga. Um er að ræða sjö fyrirtæki sem eru aðilar að Samtökum atvinnulífsins og eitt fyrirtæki utan SA. Skriður er kominn á samningaviðræður í kjaradeilunni.

Á samningafundi síðastliðinn fimmtudag lagði starfsgreinafélagið á borðið ákveðin atriði sem það vildi ræða og náðist ágætis árangur á fundinum. Markmið félagsins eru um ákveðin lágmarkslaun undirverktaka og lagði félagið fram tilboð um að álverið gerði að skilyrði í útboðslýsingu að lágmarkskjör yrðu tryggð og að undirverktakar gerðu samninga sem tryggðu lágmarkskjör starfsmanna undirverktaka.

Að sögn Sverris Má Albertssonar, framkvæmdastjóra AFLs, er verkfall neyðarúrræði og ef talið er

mögulegt að ná samningum áður en til verkfalls kemur væri sá möguleiki nýttur. „Við vonumst auðvitað eftir því að samningar náist áður en við þurfum að grípa til verkfalla. Ég bind vonir við það að við getum landað samningum. Að öðru leyti er ekki hægt að tjá sig um stöðuna,“ segir Sverrir Már.

Starfsgreinafélagið vonar að vikan dugi til að ná samkomulagi sem verði hægt að greiða atkvæði um.

Markmið samninganefndar félagsins er að tryggja undirverktökum sömu kjör og réttindi og starfsmenn Alcoa Fjarðaáls hafa. Mikilvægt er að þeirra mati að sömu kjör gildi fyrir alla þá starfsmenn sem vinna á svæðinu og laun séu samræmd milli verktakafyrirtækja. Einnig vill starfsgreinafélagið tryggja í samningagerðinni nú að ákveðin lágmarkslaun séu innan álverssvæðisins. Það er gert með það fyrir augum að verktakar



“Lykilatriði er að menn eru að tala saman.

Þorsteinn Víglundsson,
framkvæmdastjóri SA

geti síður boðið lægra í verk á svæðinu með því að greiða lægri laun til starfsmanna sinna.

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segist vona að samningar geti náðst áður en til verkfalla komi í deilunni. „Lykilatriði er að menn eru að tala saman og það virðist vera sem svo að aðilar séu líklegir til að geta nýtt tímann áður en til verkfalla kemur til að ná samkomulagi,“ segir Þorsteinn.

svainn@frettabladid.is



ÁRSFUNDUR 2015

Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík miðvikudaginn 15. apríl kl. 17.00.

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins.
3. Samruni Gildis-lífeyrissjóðs og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga.
4. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins liggja frammi á skrifstofu sjóðsins og eru birtar á heimasíðunni, www.gildi.is

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.


Kynningarfundur fyrir sjóðfélaga verður haldinn á Hótel Ísafirði föstudaginn 17. apríl. kl. 17.00.

Reykjavík 31. mars 2015,

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.



Gildi - Lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is



FRAMHALDSNÁM Í HÁSKÓLA Í FREMSTU RÖÐ

Umsóknarfrestur er til 15. apríl



Styrktu stöðu þína með öflugum framhaldsnámi í Háskóla Íslands.

Um 250 spennandi framhaldsnámsleiðir í boði sem opna þér leið út í atvinnulífið.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is

Til stuðnings öryrkjum og öðrum þeim sem hallar á

Öryrkjum eru ætlaðar kr. 130.000 til framfærslu en ekki til greiðslu lyfja eða annar útgjalda.
Eins og tannlækningar eða lækningar útgjalda.
En þeir verða að leggja út fyrir öllum útgjöldum en þeim er eingöngu ætluð 25.000 til húsaleigu.
Sem dugar eingöngu til leigu hjá Brynju.
En þeir verða að halda saman öllum reikningum og munu fá þá endurgreidda.
Þeir verða alltaf að spyrja tannlækninn hvort hann sé ekki með ráðherratexta.
Tísku tannlæknar hafa mun hærri texta.
Björgvin Ómar Ólafsson

Rakavarnarplast og þéttiefni á frábæru verði

Raka- og vatnsþéttiefnin frá Múrbúðinni eru vottuð hágæða vara á sérlega hagstæðu verði.

Rakapolplast 0,2 mm
Stærð 4x25metrar= 100m²
kr. **11.990**

HEYDI
ABDICHTUNGSTECHNIK



Bostik Folie
rakavarnarlím
315g
kr. **1.195**



Bostik/Heydi
K11 þéttimúr kr. **4.290**



MURBÚÐIN

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Mælingar í Grindavík vegna vindmyllugarðs

Félagið EBA vill fá land í Grindavík undir vindmyllugarð. Rætt er um að setja upp mælitæki til að meta kosti svæðisins. Vilja land gegn viljayfirlýsingu um stuðning við uppbyggingu í bænum, segir formaður bæjarráðs. Engin gjöld fari í bæjarsjóð.

ORKUMÁL Þýska fyrirtækið EAB vill fá heimild bæjaryfirvalda í Grindavík til að setja upp vindmyllugarð í sveitarfélaginu. Viljayfirlýsing um verkefnið er enn trúnaðarmál vegna viðskiptahagsmuna.

Málið er enn sagt á frumstigi. Næsta skref sé uppsetning tækja til að mæla kosti vindmyllugarðs á svæðinu. „Ég veit nú eiginlega ekki til hvers. Ég held að það geti ekki verið ákjósanlegri staður,“ segir Hjálmar Hallgrímsson, formaður bæjarráðs Grindavíkur, um fyrirhugaðar mælingar. „Ég er nú enginn fræðimaður en það er alltaf vindur hérna – þannig lagað, úti á Reykjanesi sérstaklega.“

Að sögn Hjálmars hefur EAB áður selt notaðar vindmyllur til uppsetningar á Íslandi en nú stefni fyrirtækið að vindmyllugörðum á eigin vegum hérlandis. Leitað hafi verið til fleiri sveitarfélaga en Grindavíkur. Þar sé horft til iðnaðarsvæðis sem þegar sé deiliskipulagt.

„Við viljum endilega byggja upp eins og allir vilja gera en það þarf að vinna þetta eitthvað betur. Þetta snýst líka um það að sveitarfélögin eru hvorki að fá aðstöðugjöld né fasteignagjöld né neitt annað af þessum mannvirkjum.“



Svo er alltaf hamrað á að þetta sé græn orka. Öll okkar orka er græn,“ segir Hjálmar sem kveður EAB í raun vera að falast eftir að fá land í sveitarfélaginu fyrir ekki neitt.

„Þetta tekur landrými. Og fyrir hvað? Velvilja um að styðja við einhvers konar uppbyggingu í bænum, leikskólastarf og eitthvað svona. Þannig var beiðnin,“ segir formaður bæjarráðs sem þrátt fyrir efasemdir á þessu stigi kveður margt ákjósanlegt í hugmyndinni.

„Þetta verður kannski í framtíðinni. Þetta er allt aftur-“

GRINDAVÍK
Formaður bæjarráðs segir Grindvíkinga vilja uppbyggingu eins og aðra en telur margt óunnið varðandi vindmyllugarð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég er nú enginn fræðimaður en það er alltaf vindur hérna – þannig lagað, úti á Reykjanesi sérstaklega.“

Hjálmar Hallgrímsson,
formaður bæjarráðs Grindavíkur.

kræft, það er hægt að reisa svona mannvirki og rífa það svo niður ef þurfa þykir,“ segir formaður bæjarráðs.

Róbert Ragnarssyni bæjarstjóra var á síðasta fundi bæjarráðs falið að vinna málið áfram. Ekki náðist tal af Róbert í gær.

gar@frettabladid.is

KIA

Ábyrgð fylgir!

Fjór hjóladrífur með reynslu

Allt að 7 ára
ábyrgð fylgir
notuðum Kia*

afborgun aðeins:
44.900 kr./mán.



Kia Sportage EX

Árgerð 12/2013, ekinn 39 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjór hjóladrífur, eyðsla 6,9 l/100 km.

4.990.000 kr.

Bílafjármögnun Landsbankans

Afborgun aðeins 44.900 kr. á mánuði m.v. 2.495.000 kr. útborgun og 50% bílalán frá Landsbankanum í 72 mánuði. 9,0% vextir, 11,16% árleg hlutfallstala kostnaðar og lán til 72 mánaða.

6 ÁRA
ÁBYRGÐ
KIA Notaðir



Kia Sportage EX

Árgerð 2/2013, ekinn 47 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, beinskíptur, fjór hjóladrífur, eyðsla 5,7 l/100 km.

4.790.000 kr.

5 ÁRA
ÁBYRGÐ
KIA Notaðir



Kia Sportage EX

Árgerð 2/2013, ekinn 33 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, beinskíptur, fjór hjóladrífur, eyðsla 5,7 l/100 km.

4.790.000 kr.

5 ÁRA
ÁBYRGÐ
KIA Notaðir



Kia Sportage EX

Árgerð 12/2013, ekinn 56 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjór hjóladrífur, eyðsla 6,9 l/100 km.

4.890.000 kr.

6 ÁRA
ÁBYRGÐ
KIA Notaðir



Kia Sportage EX

Árgerð 12/2013, ekinn 56 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjór hjóladrífur, eyðsla 6,9 l/100 km.

4.890.000 kr.

6 ÁRA
ÁBYRGÐ
KIA Notaðir

*Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar



NOTAÐIR BÍLAR
www.notadir.is

Kletthálsi 2
110 Reykjavík
590 2160

Opnunartími:
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16



ÞORLÁKSHÖFN Efla á öryggi skólabarna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kiwanis í samstarf við Ölfus: Lýsa götu barna í Þorlákshöfn

SVEITARSTJÓRNIR Kiwanisklúbburinn Ólver hefur fengið samþykki bæjarráðs Ölfuss fyrir samstarfi við sveitarfélagið um lýsingu á gangbrautum í Þorlákshöfn. Kiwanismenn segja ráðist í verkefnið Vörpum ljósi með öryggi skólabarna að leiðarljósi.

„Ólver vill leggja til kastara í verkefnið en óskar eftir því að sveitarfélagið sjái um uppsetningu og rekstur þeirra.

Um fjórar gangbrautir er að ræða í nágrenni grunnskólans, þrjár yfir Egilsbraut og ein yfir Hafnarberg,“ segir um málið í fundargerð bæjarráðs. - gar

Ölvaðir í flugstöðinni:

Meinað að fara um borð

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Suðurnesjum þurfti að hafa afskipti af tveimur mönnum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar um helgina vegna ölvunar.

Mönnunum hafði skömmu áður verið meinað að fara um borð í flugvél til Varsjár vegna ástands síns en þeir voru áberandi ölvaðir með hávaða og læti. Það fór svo að lögreglan vísaði þeim úr flugstöðinni. - sgg



SLASADUR Maðurinn var fluttur á heilsugæsluna í Laugarási. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vinnuslys í Laugarási:

Fékk brunasár í andlitið

SLYS Maður var fluttur á heilsugæslustöðina í Laugarási á föstudaginn með brunasár í andliti eftir að eldur blossaði upp í rafmagnstöflu sem hann var að vinna við. Málið er í rannsókn og koma lögregla, Vinnueftirlit ríkisins og Mannvirkjastofnun að henni.

Vinnueftirlitið á Suðurlandi vildi ekki tjá sig um málið og benti á möguleikann á formlegri fyrirspurn til deildarstjóra í Reykjavík. - ktd

Nóbelsskáld fallið frá:

Günter Grass er látinn 87 ára

ANDLÁT Þýski rithöfundurinn Günter Grass er látinn, 87 ára að aldri.

Grass hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1999. Hann fæddist í borginni Gdansk árið 1927.

Grass er álitinn vera eitt mesta skáld Þjóðverja en skáldsagan *Blikktrómman*, sem kom út árið 1959, færði honum heimsfrægd.

Kvikmynd gerð eftir skáldsögunni hlaut Gullpálmann árið 1979 og vann Óskar sem besta erlenda myndin. - sgg

Trausti Jónsson veðurfræðingur telur ótímabært að afskrifa sumarblíðuna:

Gefur svartsýnisspám langt nef

VEÐUR Trausti Jónsson veðurfræðingur segir ekki tímabært fyrir landsmenn að sökkva sér í svartsýnisböl vegna ómögulegrar veðurspár í sumar.

„Það er alls ekki bara rigning og ömurlegheit í öllum kortum þó svo að einhver veðurkort sýni okkur það núna,“ segir Trausti og bendir á að skoða þurfi betur kortið frá Evrópureiknismiðstöð sem farið hefur sem eldur um sinu á samfélagsmiðlunum upp á síðkast-ið. Hafa Íslendingar keppt við

að bölvu veðurspánni sem þar birtist, enda töluverður veðurleiði í fólki eftir kaldan vetur.

„Fyrir utan þá helstu staðreynd að ekki er hægt að spá raunverulega fyrir um veðrið í sumar að svo stöddu,“ bendir Trausti á. Að sama skapi hrekur hann það



TRAUSTI JÓNSSON

bölsýnisraus sem fylgt hefur fréttum af lágum sjávarhita suðvestur í hafi, slíkt sé ekki staðfesting á slæmu sumri.

Hann tekur þó skýrt fram að hann sé ekki að spá nokkrum hlut. „Ég er ekkert að segja að sumarið verði sólríkt, svo er nú ekki, heldur vil ég einungis benda á að óþarfi er að afskrifa sumarið strax,“ segir Trausti og bætir við: „Þeir sem bita í sig vonda veðurspá fá líklega ekki annað en vont veður í sumar.“ - ga



ÓSPENNANDI Trausti telur þá sem spá endalaust vondu fá lítið annað en svoleiðis veður í fangið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hagspá

Arion banki býður til morgunfundar þar sem ný hagspá greiningardeildar verður kynnt. Fundurinn verður haldinn á morgun miðvikudaginn 15. apríl í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

Dagskrá

08:15 Léttar veitingar og kaffi
08:30 Höskuldur H. Ólafsson setur fundinn

▶ **Ólga í lygnum sjó Efnahagshorfur 2015-2017**
Regína Bjarnadóttir,
forstöðumaður Greiningardeildar Arion banka

▶ **Akkerum lyft Hvert mun fljótandi króna fara?**
Anna Hrefna Ingimundardóttir,
Greiningardeild Arion banka

▶ **Hvað mun lita fjármálamarkaði í ár?**
Hrafn Steinarsson,
Greiningardeild Arion banka

09:30 Fundarlok

Skráning á arionbanki.is



Fall tók við af hækkunum: Verð mjólkur sveiflast ytra

LANDBÚNAÐUR Verð á mjólk hefur fallið í tvígang á heimsmarkaði (GDT, eða Global Dairy Trade) að því er Landssamband kúabænda greinir frá. Verð lækkaði um 8,8 prósent um miðjan mars og svo 10,8 prósent um mánaðamótin. Verðfallið er sagt hafa komið í kjölfar hækkana framan af ári, en sú þróun hafi leitt til þess að flest afurðafélög sem vinna á heimsmarkaðinum hafi hækkað afurðastöðvaverð sín. Næsti markaðsdagur er á morgun. - ók

Priggja daga kosningar hafnar í Súdan, en stjórnarandstaðan situr heima: Segja kosningarnar marklausar

SÚÐAN Kosningar hófust í gær í Súdan og standa þær yfir í þrjú daga. Stjórnarandstaðan hvetur fólk hins vegar til að taka ekki þátt, þar sem kosningarnar séu marklausar hvort eð er. Fullvíst þykir að Omar al Bashir forseti vinni yfirburðasigur og sitji áfram að völdum næsta kjörtímabil, sem stendur yfir í fimm ár. Bashir er orðinn 71 árs og hefur nú þegar gegnt þessu embætti í sextán ár.

Hann var ákærður fyrir stríðsglæpi árið 2009 vegna fjölda-morða, nauðgana og annars ofbeldis sem stjórnarher hans beitti í Darfúrhéraði. Hann varð þar með fyrstur þjóðhöfðingja til að fá slíka ákæru frá Alþjóðlega sakadómstólum. Eftir þetta hefur hann ekki getað ferðast úr landi, svo heitið geti, þar sem hann á það á hættu að verða handtekinn og fluttur til Genfar, svo hægt verði að rétta yfir honum.

→ **Omar al Bashir** var ákærður fyrir stríðsglæpi árið 2009 vegna fjölda-morða, nauðgana og annars ofbeldis sem stjórnarher hans beitti í Darfúrhéraði.

Árið 2011 klofnaði landið í tvennt vegna langvarandi borgarastyrjaldar og var þá stofnað nýtt ríki, Suður-Súdan. - gb



FORSETINN KÝS Omar al Bashir á kjörstað í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Á annan tug látnir vegna gróðurelda í Síberíu

Þúsundir hafa hrakist að heiman vegna gróðurelda í Síberíu undanfarna daga. Hundruð hafa þurft á lækni-hjálpi að halda og eignatjón er mikið. Pútín forseti er sagður hafa tekið að sér skipulagningu neyðaraðgerða.

RÚSSLAND Þúsundir Rússa hafa hrakist að heiman síðustu daga vegna gróðurelda sem geisad hafa í Khakassíuhéraði, sem er sunnan til í Síberíu, skammt norður af Mongólíu. Að minnsta kosti 23 höfðu látið lífið í gær og hátt í fimm þúsund manns höfðu hrakist frá heimilum sínum vegna eldanna. Meira en þúsund heimili hafa eyðilagst.

Meira en 900 höfðu þurft á lækni-isaðstoð að halda og um hundruð manns voru fluttir á sjúkrahús, að sögn Reuters-fréttaveitunnar.

Þúsundir slökkviliðsmanna hafa tekið þátt í slökkvistarfinu. Í gær hafði náðst sá árangur með baráttunni að tekist hafði að slökkva elda í öllum þorpum á þessu svæði, en þau skipta tugum.

Mikið eignatjón er sagt hafa orðið vegna eldanna. Þar á meðal hafi grunnskóli brunnið til grunna. Þá hafa þúsundir dýra orðið eldunum að brád, þar á meðal sauðfé og nautgripir.

Miklir hitar eru á þessum slóðum og hvassviðri, sem gerir það að verkum að eldarnir breiðast hratt út. Í gær höfðu einnig kviknað

gróðureldar annars staðar í Síberíu, nokkru austar, og höfðu kostað tvo menn þar lífið.

Vladímír Pútín forseti hélt sjálfur á staðinn og tók að sér stjórn neyðaraðgerða, að því er haft var eftir talsmanni hans í fjölmiðlum.

Stjórnvöld lýstu yfir neyðarástandi og segja eldanna hafa kviknað vegna kæruleysis við meðferð á eldi. Bændur hafi verið að kveikja í sínu, og verða einhverjir þeirra sóttir til saka. Algengt er að bændur á þessum slóðum kveiki í sínu í lok vetrar. „Eldarnir hefðu ekki kviknað ef einhverjir hefðu ekki verið að leika sér með eldspýtur,“ hefur rússneski fjölmiðillinn RT eftir Alexander Tsjúpríjan, aðstoðarráðherra í Kakhassíu. „Það var fullorðið fólk en ekki börn sem gerði þetta.“

Hann segir atburði af þessu tagi endurtaka sig árlega, en undanfarin ár hefur ástandið nokkrum sinnum orðið óvenju slæmt í Rússlandi.

Fyrir fimm árum kostuðu gróðureldar tugi manna lífið í Rússlandi, þegar þurrkar og sumarhitar urðu óvenju miklir.

gudsteinn@frettabladid.is



NEYÐARÁSTAND Þykkur reykur lá yfir svæðinu þar sem eldarnir geisúðu. NORDICPHOTOS/AFP

“Eldarnir hefðu ekki kviknað ef einhverjir hefðu ekki verið að leika sér með eldspýtur.”

Alexander Tsjúpríjan, aðstoðarráðherra



MALBIKUNARSTÖÐIN HÖFÐI Frestur til að gera athugasemdir við tillögu að nýju starfsleyfi Höfða er til 8. júní næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Farið að tillögu í umsögn skipulagssviðs:

Leggja til starfsleyfi í fjögur ár í viðbót

SKIPULAGSMÁL Malbikunarstöðin Höfði við Sævarhöfða í Reykjavík fær endurnýjað starfsleyfi til 1. febrúar 2019, samkvæmt tillögu Umhverfisstofnunar.

Í tillögunni er farið að beiðni í umsögn skipulagssviðs borgarinnar þar sem bent er á að í Aðal-skipulagi Reykjavíkur 2010 til 2030 sé mörkuð stefna um að landflek og mengandi iðnaðarstarfsemi skuli víkja af Ártúnshöfðanum. Gert sé ráð fyrir að á svæðum í Ártúnshöfða og beggja vegna Elliðaár-

vogs fari að rísa blönduð byggð á árunum 2016 til 2020. Bent er á að starfsemi Höfða sé þegar í ósamræmi við áætlaða landnotkun.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í umsögninni hafi komið fram að kappkostað verði að finna nýjan stað fyrir reksturinn „óháð viðkomandi ártali“.

Nýtt starfsleyfi er um margt sagt sambærilegt hinu fyrra utan tíma-markanna og að losunarmörk séu sett fyrir köfnunarefni, kolmónoxíð og PAH-efni. - ók

NÁTTÚRULEG VERKJAGEL



Öflug hita- og
kælimeðferð

Fæst í apótekum, heilsubúðum
og heilsuhillum verslana.

Ábendingahnappinn má
finna á www.barnaheill.is



Málþing um loftgæði í Reykjavík

Umhverfis- og skipulagssvið
Reykjavíkurborgar stendur
fyrir málþingi um loftgæði,
fimmfundaginn 16. apríl 2015
frá kl. 13–16. Málþingið er
skipulagt af Heilbrigðiseftirliti
Reykjavíkur og fer fram í
Þingsal 2, á Hótel Reykjavík
Natura við Reykjavíkflugvöll.

Allir velkomnir



Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður
heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, setur málþingið.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri flytur inngangserindi.

Kristín Lóa Ólafsdóttir og Svava S. Steinarsdóttir
frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, fjalla um loftgæðin í
Reykjavík og viðbragðsáætlanir.

Björn Axelsson skipulagsfulltrúi fjallar um áhrif
skipulags á loftgæði.

Hjalti Guðmundsson frá umhverfis- og skipulagssviði
Reykjavíkurborgar, fjallar um áhrif gatnahreinsunar og
hálfuvarna á loftgæði.

Þórólfur Jónsson frá umhverfis- og skipulagssviði
Reykjavíkurborgar, fjallar um trjágróður og loftgæði.

Ómar Smári Ármannsson frá lögreglunni á höfuðborgar-
svæðinu, fjallar um umferðastýringu og loftgæði.

Þorsteinn Jóhannsson frá umhverfisstofnun, fjallar um
mengun af völdum dísel- og bensínbíla.

Margrét M. Norðdahl og Hilmar Sigurðsson, frá
hverfisráði Hliða, fjalla um bætt loftgæði fyrir borgarbúa.

Umræður og pallborð

Ellý Katrín Guðmundsdóttir borgarritari er fundarstjóri.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

gengistrygging.is

IG reikningar eða innlendir gjaldeyrisreikningar

Innendir viðskiptabankar hafa til margra ára boðið upp á sparireikninga í „erlendri mynt“, svokallaða IG-reikninga. Höfuðbók IG-reikninga er 38 sem þýðir að reikningsnúmerin hafa eftirfarandi form XXXX-38-ZZZZZ, þar sem XXXX vísar til bankanúmers viðkomandi útibús þar sem t.d. 0101 er aðalbanki Landsbankans og ZZZZZ vísar til 6 stafa reikningsnúmers viðskiptavinar.

Margir halda að við það að fá millifærslu erlendis frá inn á slíka gjaldeyrisreikninga þá flytjist gjaldeyri til Íslands. **Það er misskilningur.** Gjaldyrir þjóðarinnar er aldrei geymdur á Íslandi heldur er gjaldyririnn í því landi/löndum sem gefur út viðkomandi gjaldmiðil. Þannig eru t.d. öll pund (GBP) ávallt í Bretlandi og evrur (EUR) í þeim löndum sem tilheyra því myntsvæði, bandaríkjadollar (USD) í Bandaríkjunum o.s.frv.

Hvað er verið að millifæra inn og út af IG-reikningum?

Það sem fært er inn og út af IG-reikningum eru **islenskar krónur** þegar millifærslan á sér stað innan sömu innlánsstofnunar. Þessar millifærslur eru flokkaðar í flokki 891 samkvæmt flokkunarlyklum Seðlabanka Íslands.

Seðlabanki Íslands hefur gefið út flokkunarlykla til þess að merkja og flokka allar „erlendar millifærslur“. Skilgreiningu á flokki 891 um IG-reikninga innlendra aðila, sjá mynd:

891 IG-reikningar innlendra aðila

Millifærslur og kaup/sala fyrir islenskar krónur í sömu innlánsstofnun, en innborgun og úttekt á gjaldeyri skal færa á viðkomandi flokkunarlykil eftir tilefni viðskiptanna.

Á þennan flokkunarlykil skal eingöngu færa færslur inn og út af IG-reikningi þegar engar gjaldeyrisyfifærslur eiga sér stað út úr bankanum.

Hins vegar þegar gjaldeyrisúttekt/innlögn á sér stað með yfifærslu til og frá útlöndum skal flokka hana eftir tilefni undirliggjandi viðskipta.

Heimild: www.landsbankinn.is/Uploads/Documents/Netbanki/handbaekur/flokkunarlyklar-sedlabankans.pdf

Það var aldrei vilji bankanna að veita raunveruleg erlend lán þegar greiða átti lánin inn á IG reikninga með höfuðbók 38. Alltaf stóð til að veita gengistryggð lán. „Erlendu lánin“ voru greidd út með gengistryggðum krónum og greitt var af þeim með gengistryggðum krónum.

ALLT TAL UM AÐ ERLEND MYNT HAFI SKIPT UM HENDUR ER ÞVÍ Í BESTA FALLI MISSKILNINGUR.



Tilkynnt um afnám gjaldeyrishafta:

Þér er ekki boðið

Líklega er leitun að ræðu sem hefur vakið jafn mikla athygli og ræða Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar á flokksþingi Framsóknarflokksins um helgina. Fjölmíðlar hafa haft úr nógu að móða, enda riðu stórtíðindin ekki við einteyming í máli forsætisráðherra. Að öðrum málum ólöstuðum verður að segjast að tilkynning hans um að áætlun um afnám gjaldeyrishafta yrði samþykkt á yfirstandandi þingi hafi vakið mesta athygli. Þar er enda mál á ferðinni sem getur skilið á milli feigs og ófeigs í fylgi stjórnarflokkanna og haft gríðarleg áhrif á efnahagslíf þjóðarinnar.

Það var ekki það að ríkisstjórnin hygðist stíga skref í afnámi gjaldeyrishafta sem vakti alla þessa athygli. Unnið hefur verið að áætlun um slíkt allan líftíma núverandi stjórnar – og raunar hóf síðasta ríkisstjórn samskonar vinnu – fjöldi nefnda hefur verið skipaður og beðið er með óþreyju eftir afnáminu. Það var mun fremur hvernig staðið var að tilkynningunni sjálfri sem var athygli vert og kannski ekki síður eftirliturinn.

Flokksþing Framsóknarflokksins er lokaður hópur, það sitja engir nema valdir þingfulltrúar sem allir eru meðlimir í Framsóknarflokknum. Framsóknarflokkurinn fer vissulega með forsætisráðuneytið nú um mundir, en það er samstarfsflokkurinn sem fer með fjármálaráðuneytið og leiðir í raun vinnuna um afnám haftanna. Það hefði því ekki verið óeðlilegt að búast við því að Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra tilkynnti um afrakstur þeirrar vinnu sem hann hefur í raun leitt, eða væri í það minnsta viðstaddur, jafnvel uppi á sviði. Hann var hins vegar í útlöndum.

Sú hugsun læðist að manni að með þessu útsplli hafi Sigmundur Davíð verið að merkja sér og sínum flokki vinnuna umfram Bjarna og Sjálfstæðisflokkinn. Það þarf ekki að rýna lengi í skoðanakannanir til að sjá að Framsókn þarf á fylgisaukningu að halda og afnám hafta er mál sem, ef vel gengur, hentar vel til slíks. Miður þó ef illa gengur.

Líkt og fram kom í þættinum Umræðunni á Stöð 2 í gærkvöldi hafa aðstæður til afnáms hafta í raun aldrei verið betri, um það voru hagfræðingarnir Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, og Friðrik Már Baldursson, prófessor við Háskólann í Reykjavík, sammála. Það er því ekkert skrítið að áætlunin sé að komast á það stig að hægt sé að kynna hana.

Engu að síður kom það mörgum sjálfstæðismanninum á óvart að einmitt það yrði gert á flokksþingi Framsóknarflokksins. Það hefði verið eins og að tilkynna um áætlun um niðurfellingu húsnæðislána á flokksfundi Sjálfstæðisflokksins. Skilaboðin eru nokkuð ljós: Þér er ekki boðið, þetta er mitt mál.

Í því ljósi er athyglisvert að velja því fyrir sér að fjármálaráðherra hefur ekki stigið fram og tjáð sig um ræðuna. Málið er af þeirri stærðargráðu að ráðherra ber skylda til þess að sveipa það ekki óþarfa óvissu. Nóg er nú samt.

Eftir stendur að frumvörpin sem verður að samþykkja til að hægt sé að hefja afnámið eru ekki komin fram og aðeins 19 þingfundadagar eftir. Það verður nóg að gera hjá þingmönnum á næstunni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsón ÚTGEFANDI OG ADALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**SAMEINUÐ
BERJUMST VIÐ!
KJÓSTU JÁ**



Starfsgrainasamband
Íslands

www.sgs.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Bjartsýnn

Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, setti þing að nýju eftir páskahlé í gær. Fram undan er síðasta lota yfirstandandi löggjafarþings, vörþingið. Í ávarpi sínu hvatti Einar alþingismenn til að standa við starfsáætlun sem sett var síðastliðið haust. „Ég veit að það getur reynt erfitt, ekki síst vegna þess að mörg mál eru seint fram komin líkt og allt of oft hefur hent. Með góðu starfskipulagi, forgangsörðun og samvinnu þingmanna og ráðherra er þó að mínu mati unnt að ljúka þingstörfum á tilsettum tíma þannig að sómi sé að, jafnt fyrir þing og þjóð,“ sagði Einar.

Útilokað

Einari er vorkunn. Hann ber ábyrgð á starfsáætluninni og þrátt fyrir hvatningar hans eru nánast engar líkur á að takist að standa við hana. Í dag eru á dagskrá Alþingis tvö flennistór mál; annars vegar þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu og hins vegar um aflaheimildir á makríl og veiðigjöld. Auk þess hefur forsætisráðherra boðað áætlun um afnám hafta og félagsmálaráðherra frekari breytingar á húsnæðismálum. Um 20 dagar eru eftir af þessu þingi. Takist Einari að standa við áætlunina og ljúka öllum þessum málum ... Nei það er útilokað.

Á þing

Á þingi Framsóknar um helgina gerðist ýmislegt markvert. Þar á meðal voru samþykktar ályktanir þvert á frumvörp sem fjármálaráðherra hefur lagt fram. Annars vegar bann á bónusgreiðslur til bankanna og hins vegar að Landsbankinn verði ávallt í eigu ríkisins. Í fjárlagafrumvarpi þessa árs er gert ráð fyrir sölu á eignarhlut ríkisins í Landsbankanum og Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hefur einnig lagt fram frumvarp um kaupauka til bankanna. Annaðhvort er að myndast gjá milli stjórnarflokkanna eða þá að Framsókn er að öggra samstarfsflokknum.

fanney@frettabladid.is

Kolbeinn
Óttarsson Proppé

kolbeinn@frettabladid.is



Það var ekki það að ríkisstjórnin hygðist stíga skref í afnámi gjaldeyrishafta sem vakti alla þessa athygli. Unnið hefur verið að áætlun um slíkt allan líftíma núverandi stjórnar – og raunar hóf síðasta ríkisstjórn samskonar vinnu – fjöldi nefnda hefur verið skipaður og

HALLDÓR



„Ég kann þetta ekkert á íslensku“

MENNTUN



Linda Björk
Markúsardóttir
talmeina- og
íslenskufraeðingur

Starf mitt sem talmeinafræðingur felst, meðal annars, í því að meta orðaforða og málkunnáttu barna og unglinga. Undanfarið hefur það hefur færst í aukana að ég fái til mín alíslensk börn sem kunna ekki íslensku nema að litlu og yfirborðskenndu leyti. Þeim sýni ég myndir af algengum hlutum og bið þau að segja mér hvað þeir heita. Oft fæ ég svör á borð við: „Ég veit alveg hvað þetta er sko, ég bara kann þetta ekkert á íslensku.“

Sé þeim boðið að nefna hlutinn á ensku lætur svarið ekki á sér standa. Hvernig má þetta vera? Hvernig geta börn og unglingar sem eiga íslenska foreldra, eru fædd og uppalin hér og hafa alla tíð gengið í íslenska skóla ekki búið yfir íslenskum grunnorðaforða? Sé ekki um eiginlega málþroskaröskun að ræða er svarið við þessum spurningum einfalt: Tölvur og tækni. Nú fylgir tæknin móðurmjólkinni og börn og unglingar lifa og hrærast í heimi rafrænna samskipta sem fara nánast öll fram á ensku. Tölvur og símar „tala“ mjög takmarkaða íslensku og til hvers að brúka móðurmál skitinna 320.000 hræða þegar enskan opnar dyr allra samskipta upp á gátt?

Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslenskri málfræði, hefur löngum verið ötull talsmaður íslenskrar máltækni og

→ Hvað er hægt að gera? Eigum við sem þjóð að halla okkur aftur í tölvustólunum, skerpa á enskunni og biða þess sem verða vill?

mikilvægis uppbyggingar hennar fyrir íslenska tungu. Í þættinum Orðbragð, sem RÚV hefur haft til sýninga, lýsti Eiríkur því yfir að raunveruleg hætta væri á því að íslenska verði ekki til eftir 100 ár. Hann vísaði í skýrslu um stafræna stöðu íslenskunnar máli sínu til stuðnings en hún kom út árið 2012.

Á þeim tímamarki hélt ég að þetta væri nú óþarfa vænisyki í manningum, að ekkert fengi grandað mínu ástkæra ylhýra. Nú er annað bersýnilega að koma í ljós og ekki er lengur hægt að loka augunum fyrir hættunni á því að íslenskan deyi dauða sínum. Hvað er hægt að gera? Eigum við sem þjóð að halla okkur aftur í tölvustólunum, skerpa á enskunni og biða þess sem verða vill? Eða eigum við ef til vill að beita okkur fyrir því að auknum fjármunum verði veitt í að efla stafræna stöðu íslenskunnar? Eigum við kannski að tala meira við börnin okkar, lesa fyrir þau og gera þeim grein fyrir mikilvægi þess fyrir okkur sem þjóð að íslenskan haldist á lífi?

Verða hjúkrunarfræðingar framtíðarinnar valdir með A-prófi?

Á vef hjúkrunarfræðideildar HÍ segir m.a.: „Kennsla í hjúkrunarfræði er þverfagleg og miðar að því að nemendur verði færir um að viðhalda og efla heilbrigði skjólstæðinga sinna og bæta líðan þeirra í veikindum.“ „Starf hjúkrunarfræðingsins er fjölbreytt og krefjandi og gerir kröfur um skilning á mannlegu eðli.“ „Í náminu er lögð áhersla á að nemendur öðlist skilning á margbreytileika mannsins...“ „Í náminu er lögð áhersla á að kenna um manninn, umhverfi hans og heilsu, og hvernig hægt er með hjúkrun að hafa áhrif á aðstæður hans og líðan.“

MENNTUN



Karl Guðlaugsson
tannlæknir, MPM

en fjöldatakmörkun kveður á um skal ákvörðun um inntöku nýnema byggð á frammistöðu í Aðgangsprófi (A-prófi) fyrir háskólastig annars vegar og veginni meðaleinkunn úr kjarnagreinum, íslensku, ensku og stærðfræði, í námi til stúdentsprófs hins vegar. Gildir frammistaða í Aðgangsprófi 70% og vegin meðaleinkunn úr kjarnagreinunum íslensku, ensku og stærðfræði í námi til stúdentsprófs 30%.

Í reglum um inntöku nýnema og inntökupróf í hjúkrunarfræðideild HÍ nr. 24/2015 segir í 3. gr.: „Inntökuprófið er Aðgangspróf fyrir háskólastig (A-próf). Kennslusvið Háskóla Íslands í samráði við Hjúkrunarfræðideild annast undirbúning þess og framkvæmd.“

Markmið prófsins er að kanna hæfni stúdents til að hagnýta þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér í samræmi við markmið aðalnámskrár framhaldsskólanna. Prófað er í eftirtöldum fimm þáttum: upplýsinganotkun, málfærni, lesskilningi á íslensku, lesskilningi á ensku og stærðum og reiknanleika.“

Til hvers eru framhaldsskólar?

Í lögum um framhaldsskóla segir m.a.: „Framhaldsskólar sinna miðlun þekkingar og þjálfun nemenda þannig að þeir öðlist færni til að gegna sérhæfðum störfum og hafi forsundur til að sækja sér frekari menntun.“

Þannig eru framhaldsskólar landsins bundnir af lögum að mennta verðandi háskólanema í hjúkrunarfræði, en benda má á að

framhaldsskólar eru deildarskiptir, þar sem kennurum er treystandi til að kenna og nemendum treystandi til að læra félagsfræði, sálarfræði, líffræði, efnafræði, lífeðlisfræði og ensku.

Hvert er hlutverk hjúkrunarfræðideildar HÍ?

Æðsta takmark hverrar hjúkrunarfræðideildar hlýtur að vera að fá til náms hæfustu nemendurna og mennta til að verða framúrskarandi hjúkrunarfræðingar. Til dagsins í dag tel ég að hjúkrunarfræðideild HÍ hafi farnast afar vel við menntun hjúkrunarfræðinga. Hjúkrunarfræðideild HÍ á að búa yfir sjálfstæði, ráða því sjálf með hvaða hætti hún velur nemendur til náms, enda þeir sem við deildina starfa með faglega þekkingu til þess. Ef skoðuð er námskrá og hæfniskröfur verðandi hjúkrunarfræðinga hjúkrunarfræðideildar HÍ er vandasamt að finna tengingu við getu til að svara A-prófi. A-prófið mælir ekki á nokkurn hátt þekkingu, leikni og hæfni til félagsfærni né marga aðra hæfileika sem hjúkrunarfræðingar þurfa að búa yfir. Þess vegna er A-prófið galin hugmynd til að velja hjúkrunarfræðinga framtíðarinnar.

Að lokum skora ég á stóran hagsmunaaðila þessa máls, Hjúkrunarfræðingafélag Íslands, að kynna félagsmönnum sínum A-prófið, ræða og koma með tillögur um hvernig félagið telji heppilegast að velja hjúkrunarfræðinga framtíðarinnar. Hjúkrunarfræðingar geta sjálfir, með því að slá inn á leitarvélur tölva aprof.is, þreytt A-prófið og séð hvort þeir finna tengingu með A-prófinu og þeirri menntun og því göfuga vandasama ævistarfi sem þeir völdu sér.

Molum úr kerfinu

Á næstu misserum verður umbylting á framhaldsskólakerfinu á Íslandi. Bóknað til stúdentsprófs verður skorð niður um nálægt 20%, möguleikar þeirra sem dottu hafa út úr námi og eru orðnir 25 ára verða skornir við nögl og hert að smærri framhaldsskólum úti á landi. Þessar aðfarir hafa verið gagnrýndar víða og sýnt fram á með gildum rökum að forsundur ráðherra fyrir breytingunum séu annaðhvort villuljós eða haldi ekki vatni. Viðbrögð ráðherra og ráðuneytis við þessari gagnrýni hafa hins vegar verið nákvæmlega engin, frá honum heyrir hvorki stuna né hósti. Líklega er ekki við öðru að búast, enda erfitt að ímynda sér að einhver haldbær fagleg rök finnist fyrir þessum aðgerðum.

MENNTUN



Sigrún Benedíks
framhaldsskólakennari

→ Svona talar ekki ráðherra sem er metnaðarfullur fyrir hönd menntunar í landinu, svona talar frjáls- hyggjuhagfræðingur ...

Stúdentsprófið nægir ekki til að hefja háskólanám nema í sumum greinum. Þar má sjá möguleika fyrir einkaaðila að hasla sér völl með viðbótarundirbúning undir háskólanám. Þetta væri í anda þess sem nýjasta stjarna Samtaka atvinnulífsins og Sjálfstæðisflokksins, pilsfaldakapítalstinn Margrét Pála Ólafsdóttir, sagði á síðasta ársfundi SA: „Leyfum kerfinu að sigla en mölvum út úr því.“

Það ætti ekki að koma neinum á óvart að menntamálaráðherra úr Sjálfstæðisflokknum beiti sér með þessum hætti í sínum málaflokki en það kemur á óvart að algjör pólitísk samstaða sé um þessar aðgerðir á Alþingi, þar hafa þær ekki einu sinni verið ræddar. Hver er stefna stjórnarandstöðunnar? Fram að þessu hefur hún þagað þunnu hljóði nema hvað imprað hefur verið á gagnrýni á niðurskurð til endurmenntunar og einstaka þingmenn hafa lýst áhyggjum sínum af litlu framhaldsskólunum, mest af ötta við að störf tapist úr héraði, að því er virðist.

Kemur ekki á óvart

Það sjálfstæðismenn hafi niðurskurð í ríkisrekstri á stefnuskrá sinni kemur ekki á óvart en einhvern veginn læðist að manni sá grunur að fleira hangi á spýttunni. Það skyldi þó aldrei vera að þarna glitti í möguleika á að smeygja einkavæðingu inn í framhaldsskólakerfið, bakdyrarneg-in. Það er nokkuð ljóst að þriggja ára

stúdentsprófið nægir ekki til að hefja háskólanám nema í sumum greinum. Þar má sjá möguleika fyrir einkaaðila að hasla sér völl með viðbótarundirbúning undir háskólanám. Þetta væri í anda þess sem nýjasta stjarna Samtaka atvinnulífsins og Sjálfstæðisflokksins, pilsfaldakapítalstinn Margrét Pála Ólafsdóttir, sagði á síðasta ársfundi SA: „Leyfum kerfinu að sigla en mölvum út úr því.“

Það ætti ekki að koma neinum á óvart að menntamálaráðherra úr Sjálfstæðisflokknum beiti sér með þessum hætti í sínum málaflokki en það kemur á óvart að algjör pólitísk samstaða sé um þessar aðgerðir á Alþingi, þar hafa þær ekki einu sinni verið ræddar.

Hver er stefna stjórnarandstöðunnar? Fram að þessu hefur hún þagað þunnu hljóði nema hvað imprað hefur verið á gagnrýni á niðurskurð til endurmenntunar og einstaka þingmenn hafa lýst áhyggjum sínum af litlu framhaldsskólunum, mest af ötta við að störf tapist úr héraði, að því er virðist.

Voru þingmenn Vinstri grænna kosnir í síðustu kosningum svo lauma mætti einkavæðingu umorðalaust inn í framhaldsskólakerfið og þá jafnframt auka misrétti til náms, því undirbúningsnám af því tagi sem hér hefur verið nefnt verður væntanlega dýrt, voru þeir kosnir svo hindra mætti aðgengi íslenskra stúdenta að háskólanámi, voru þeir kosnir til að skera íslenska framhaldsskólann niður við trog? Spyr sá sem ekki veit.

citroen.is

BETRI REKSTUR OG AUKIN ÞÆGINDI

• 3,3 M³- 4,1 M³ HLEÐSLURÝMI • 850 KG BURÐARGETA • 3JA MANNA • SPARNEYTINN •

CITROËN BERLINGO VAN 1,6 HDi 90 hö dísil
VERÐ FRÁ: 2.950.000 KR. MEÐ VSK
VERÐ FRÁ: 2.379.032 KR. ÁN VSK

KOMDU OG PRÓFAÐU CITROËN BERLINGO VAN

CREATIVE TECHNOLOGIE

Frábær vinnuástaða með góðu aðgengi fyrir farm og farþega. 180° opnun á afturhurðum, rennihurð, þægileg hleðsluhæð, há sætistaða og fjöldi geymsluhólfa. Öflug en sparneytin 90 hestafla dísilvél ásamt spólvörn og ESP stöðugleikakerfi gera Berlingo Van að öruggum og hagkvæmum kosti fyrir þinn rekstur.

Brimborg er stærst í sölu atvinnubíla á Íslandi. Veldu traust umboð með einstöku þjónustuframboði fyrir bíla- og tækjafloða.



Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Ákall til fjölmiðla

Lýðræðisþjóðfélög Vesturlanda byggja á þrískiptingu ríkisvalds. Á okkar söguskeiði var það franskir lögspekingurinn Montesquieu, sem greindi þetta vald í þrjá þætti, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómvald. Þetta var á 18. öldinni, öld Upplýsingarinnar. Áður höfðu Forn-Grikkir fönðrað við svipaðar hugmyndir bæði í teoríu og praxis.

FJÖLMIÐLAR



Ögmundur Jónasson
alþingismaður

→ Parna þarf allt að vera gagnsætt og vinnubrögð verða að þola skært kastljós. Þetta kom mér í hug þegar ég las niðurlag leiðara Fréttablaðsins.

ur saksóknari laug þegar hann sagðist ekki hafa vitað um tengsl Sverris og Ólafs Ólafssonar. Niðurstaða Hæstaréttar er óboðleg, og má ekki verða endahnútur þessa máls. Nú taka fjölmiðlar við.

Ég tek undir með Fréttablaðinu að um þessi mál þarf að fjalla óháð persónum og leikendum. Persónur og leikendur eru engu að síður staðsettir einhvers staðar í veruleika tilfinninga og hagsmuna. Það á við um þá sem eiga Fréttablaðið og starfa þar, ekki síður en aðra. Í þessu ljósi hljóttum við að skoða hve hart Fréttablaðið gengur í gagnrýni á embætti sérstaks saksóknara.

Dómstólum, hér sem annars staðar, hafa stundum orðið á mistök. Hafi menn grun um slíkt, er eðlilegt að það sé rætt í fjölmiðlum á gagnrýninn hátt. Það er líka rétt sem fram kemur í leiðara Fréttablaðsins að réttarkerfið hefur örlög margra í hendi sér. Það hefur Fjórða valdið líka á sinn hátt. Ábyrgð þess er því mikil.

Það sem sannara reynist

Þegar fjölmiðlar ráðast til atlögu gegn réttarkerfinu verða þeir að vita að kastljósið kemur til með að beinast að þeim sjálfum. Fyrir hönd okkar sem viljum tryggja óhlutdrægni fjölmiðla er þessi greinarstúfur hugsaður sem ákall til íslenskra fjölmiðlamanna, eigenda og starfsmanna, að þeir hafi ætíð það sem sannara reynist og minnst þess að þeir fara með vald.

Í mínum huga er niðurlagssetningin í tilvitnuðum leiðara grafalvarleg í ljósi þess að ritstjórninn sem skrifar þessa herhvót er jafnframt æðsti stjórnandi allrar 365 fjölmiðlasamsteypunnar sem er í eigu málsaðila dómsmála sem undirbúin hafa verið hjá því embætti sem spjótum skal nú beint að.

Fjórða valdið

Allt var þetta fyrir öld öflugrar fjölmiðlunar. Eftir því sem á 20. öldina leið urðu fjölmiðlar áhrifaríkari þar til svo var komið að farið var að skírskota til þeirra sem fjórða valdsins. Þar var ekki einvörðungu horft til þess sem mikilvægt hlýtur að teljast að fjölmiðlar – í mismunandi ríkmæli þó – skapa almenningi vettvang til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Fjórða valdið snýr þó síður að lýðræðinu og áhrifum almennings á vettvangi fjölmiðla en fremur að eigendum þeirra og starfsmönnum því þeir fá miklu ráðið um hvernig upplýsingar eru matreiddar um gangveg samfélagsins og ákvarðanir sem þar eru teknar og afleiðingar þeirra. Með öðrum orðum, fjölmiðlar fjalla um hagsmuni og stjórnmál og blöndu af þessu tvennu.

„Nú taka fjölmiðlar við“

Af þessum sökum hefur gagnrýnin umræða um fjölmiðla – fjórða valdið – ekki þótt síður nauðsynleg en um framangreinda valdþætti ríkisvaldsins, löggjafarvaldið, framkvæmdarvaldið og dómvaldið. Parna þarf allt að vera gagnsætt og vinnubrögð verða að þola skært kastljós.

Þetta kom mér í hug þegar ég las niðurlag leiðara Fréttablaðsins laugardaginn 4. apríl: „Sérstakur saksóknari gegnir mikilvægu embætti. Hann hefur örlög fjölda manna í höndum sér. Hvaða skoðun sem fólk hefur á persónum og leikendum getum við vonandi öll sammælt um að tilgangurinn helgar ekki alltaf meðalið þegar örlög fólks eru í húfi. Það er nauðsynlegt að upplýsa hvort sérstak-

Aprílgabb forsætisráðherra?

Undirrituðum fór eins og fleirum þegar fréttist af tillögum forsætisráðherra um ýmsar húsbýggingar hinn 1. apríl sl., að afgreiða það eftir augnabliks íhugun sem aprílgabb.

SKIPULAG



Steingrímur J. Sigfússon
alþingismaður,
fulltrúi í forsætisnefnd Alþingis og varamaður í Þingvallanefnd

Til að fyrirbyggja strax allan misskilning þá er framtíðarúrlausn í húsnæðismálum Alþingis hið þarfasta mál. Sama á við um að ráðast loksins í að byggja myndarlega yfir handritin og aðra starfsemi undir hatti stofnunar Árna Magnússonar. Mun meira tvímælis orkar einhvers konar endurbýgging Hótel Valhallar á Þingvöllum. Sú hugmynd fellur illa að þeim áherslum sem Þingvallanefnd hefur í mótun um framtíðarfyrirkomulag mála á Þingvöllum og í samráði við forsætisnefnd Alþingis hvað varðar mögulega aðkomu Alþingis sjálfs að skipan mála á eða í nágrenni við sjálfa þinghelgina.

Vorst eru þó vinnubrögð forsætisráðherra.

1) Ef ætlunin er að ná breiðri pólitískri samstöðu um tillögur sem tengdar verði hundráð ára fullveldisafmælinu 2018 er aðferðin ekki sú að einn flokksformaður, jafnvel þó forsætisráðherra sé, móti þær tillögur án nokkurs samráðs, geri þær heyrinkunnar sem sínar og ætli sér svo að húa í aðra forystumenn til samþykkis. Svo-leiðis hefur aldrei áður verið staðið að málum sem þessum.

2) Hvað húsakost Alþingis varðar þá er það einfaldlega ekki mál framkvæmdavaldsins. Lengi hefur staðið undirbúningur undir nýbyggingar sem leysa myndu framtíðarhúsnæðisþörf Alþingis fyrir þingnefndir og þjónustu á nefndasviði, skrifstofuástöðu þingmanna og þingflokka og ýmsa aðra stöðþjónustu sem nú er á víð og dreif í leiguhúsnæði í mörgum byggingum. Svo var komið síðsumars 2008 að deiliskipulag var frágengið, nákvæm húsrýmisáætl-

un hafði verið gerð og allt var klárt fyrir útboð hönnunarsamkeppni. Öll stefnumótun, undirbúningur og ákvarðanatöku í þessum efnum var á vegum Alþingis sjálfs og nema hvað. Íslandi býr við þingbundna lýðræðisstjórn. Framkvæmdavaldið sækir umboð sitt til Alþingis en ekki öfugt. Alþingi er þar á ofan fjárveitinga- og fjárstjórnarvaldið og ákveður því sjálft þær fjárveitingar sem það telur sig þurfa til framkvæmda jafnt sem reksturs. Forsætisnefnd Alþingis hefur haft framtíðarúrlausn húsnæðismála á sinni dagskrá undanfarna mánuði og nú síðast fyrir nokkrum vikum tekið að skoða nýbyggingaráformin aftur. Þar á málið heima.

Það er einfaldlega stjórnskipulega rangt að framkvæmdavaldið standi fyrir tillögugerð um innri mál Alþingis. Slíkt er í beinni andstöðu við ákvæði þingskapalaga og eðlilega aðgreiningu valdbáttanna. Rúsinan í pylsuendanum hér er svo að forsætisráðherra hyggst ákveða eftir hvaða teikningum eigi að byggja, þ.e. aldargömlum skissum Guðjóns Samúelssonar, sem að hluta til a.m.k. áttu að leysa úr þörf nýstofnaðs Háskóla Íslands sem þá var til húsa í Alþingishúsinu fyrir stúdentagarða.

3) Þegar kemur að framkvæmdum á Þingvöllum er svipað uppi á teningunum. Í 3. mgr. 1. gr. laga um Þjóðgarðinn á Þingvöllum stendur: „Hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og ævinleg eign íslensku þjóðarinnar.“ Önnur grein laganna hefst á orðunum: „Þjóðgarðurinn á Þingvöllum skal vera undir stjórn Þingvallanefndar,“ sem svo Alþingi kys í upphafi hvers kjörtímabils. Þó svo málefni Þingvalla heyri stjórnskipulega undir forsætisráðuneytið (með svipuðum hætti og forsætisráðuneytið er tengiliður Alþingis við framkvæmdavaldið) er sjálfstæði Þingvallanefndar með ýmsum

→ Það kórónaði svo allt saman í þessu einkennilega aprílbyrjunargosi forsætisráðherra þegar hann fór óforvarendis að fimbulfamba um að e.t.v. ætti að byggja nýjan Landspítala á einhverjum allt öðrum stað.

hætti undirstrikað. Þannig semur Þingvallanefnd sjálf reglugerðir sem gilda innan þjóðgarðsins og forsætisráðuneytið fær þær einungis til staðfestingar. Það er því auðvitað Þingvallanefndar en ekki Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar að ákveða einstakar framkvæmdir á Þingvöllum.

4) Loks Stofnun Árna Magnússonar. Dregist hefur úr hömlu að koma þeirri byggingu af stað og kyrrestaðan sl. tvö ár er alfarið á ábyrgð núverandi ríkisstjórnar. Hún lét það verða sitt fyrsta verk að stöðva þegar hafnar framkvæmdir eftir að fyrri ríkisstjórn hafði tekið framkvæmdina inn í fjárfestingaáætlun sína í góðu samstarfi við Háskóla Íslands sem kostar verkið að hluta. Síðan hefur blasað við gestum og gangandi hola, svonefnd „gröf íslenskra fræða“, þar sem áður stóð hinn fornfrægi Melavöllur. Sinnaskipti forsætisráðherra eru ánægjuleg, en varla er sérstakt tilefni fyrir hann að hreykja sér.

Það kórónaði svo allt saman í þessu einkennilega aprílbyrjunargosi forsætisráðherra þegar hann fór óforvarendis að fimbulfamba um að e.t.v. ætti að byggja nýjan Landspítala á einhverjum allt öðrum stað. Byggingin sem er, með fullri virðingu fyrir hinum, þ.e. húsnæði Alþingis, Stofnun Árna Magnússonar og úrbótum á Þingvöllum, mest þjóðarnauðsyn er með slíku ábyrgðarleysishjali forsætisráðherra enn sett í óvissu. Það er að segja ef eitthvert mark er á honum takandi sem vonandi er ekki í þessu tilviki fremur en fleirum.

Fyrirmyndardagurinn

Fyrirmyndardagurinn verður haldinn þann 17. apríl næstkomandi og stendur Vinnumálastofnun fyrir deginum. Markmiðið dagsins er að atvinnuleitendur með skerta starfsgetu fái aukin og fjölbreytt tækifæri á vinnumarkaði. Á Fyrirmyndardeginum bjóða fyrirtæki og stofnanir atvinnuleitendum sem hafa fengið fá tækifæri á vinnumarkaði að vera gestastarfsmenn í fyrirtækjunum í einn dag eða hluta úr degi. Afar mikilvægt er að fyrirtæki og stofnanir taki þátt í Fyrirmyndardeginum og gefi þannig atvinnuleitendum tækifæri á að kynna sér störf innan ólíkra fyrirtækja.

Í fyrra var Fyrirmyndardagurinn haldinn í fyrsta sinn á Íslandi og gekk dagurinn vonum fram- og fengu 46 atvinnuleitendur

ATVINNA



Bryndís Theódórsdóttir
verkefnisstjóri AMS,
Vinnumálastofnun

með skerta starfsgetu tækifæri á að vera gestastarfsmenn í 35 fyrirtækjum og stofnunum. Störfin voru fjölbreytt og má þar nefna störf í leikskólum, stjórnsýslu, verslunum, iðnaði, skrifstofum, banka og þjónustu. Almenn ánægja var hjá fyrirtækjum með þetta framtak og fengu fjórir gestastarfsmenn vinnu í kjölfar dagsins en aðrir fengu tækifæri til þess að kynnast nýju starfsumhverfi og auka vísýni sem nýttist í framhaldi í atvinnuleitinni. Gestastarfsmennirnir voru afar ánægðir með að fá tækifæri til að prófa ný störf og í sumum tilfellum var um draumstarfið að ræða og einnig mynduðust ný kynni sem er ómetanlegt.

Ávinningur dagsins er ekki einungis fyrir atvinnuleitendur heldur fá þátttökufyrirtækin tækifæri til þess að kynna störf innan sinna fyrirtækja og um leið að kynnast styrkleikum þeirra sem eru með skerta starfsgetu.

Við hvetjum alla til þess að skoða Facebook-síðu Fyrirmyndardagsins en þar eru fréttir, upplýsingar, myndir og annað tengt deginum. Þar má auk þess senda inn fyrirspurnir eða hafa samband við Vinnumálastofnun.

Hlökkum til að eiga skemmtilegt samstarf við atvinnuleitendur og fyrirtæki þann 17. apríl næstkomandi.

Um búsetuúrræði fatlaðs fólks – erum við á réttri leið?

Það er að mínu viti algjör nauðsyn að geta boðið fötl- uðu fólki upp á búsetuúr- ræði sem henta hverjum og einum. Margir aðhyllast þá hugmyndafræði að heillavænlegast sé að útrýma herbergjasambýlum og koma skuli öllum í sjálfstæða búsetu. Þar búa einstaklingar einir í sinni íbúð og ekkert sameiginlegt rými er til staðar. Síðan er það fyrst og síðast spurning um fjármuni hve margir starfsmenn aðstoða íbúa, stundum einn á einn, einn á tvo eða þrjá, það er önnur saga. Svo sannarlega gott og mikið framfaraskref í þjónustu við fatlaða og enginn vafi að þetta úrræði hentar ákveðnum hluta fatlaðs fólks.

SAMFÉLAG



Jón Rúnar Gíslason
starfsmaður á sam-
býli og íbúðakjarna

mun því þetta búsetuform brátt heyrna sögunni til þar í bæ. Margir lofsama þessa ákvörðun, segja þetta rétta skrefið í hagsmunabaráttu fatlaðs fólks. Ég segi hægjum á okkur. Engan sýndarleik. Hvernig er daglegt líf innan þessara búsetuúr- ræða í raun og veru? Hér verð ég að undirstrika aftur að eitt úrræði hentar ekki öllum og maður skal aldrei alháfa.

Með öllu óboðlegt

Ég ætla að taka raunverulegt dæmi. Fyrir nokkrum árum var fatlaður maður á besta aldri tekinn úr því búsetuúr- ræði sem hann bjó í og hann fluttur í sína eigin íbúð. Þóttu þetta mikil vatnaskil í lífi þessa manns. Þeir fagaðilar sem stóðu á bak við þennan flutning voru eflaust sannfærðir um að þarna hafi þeir haft hagsmuni mannsins í fyrirrími, enda leit þetta afskaplega fallega út – séð utan frá. Hver var raunveruleikinn? Þessi maður bjó við mikla félagslega einangrun og persónulegri umhirðu var mjög ábótavant. Í hans tilfelli var þetta búsetuform með öllu óboðlegt og algjörlega úr takti við raunveruleikann.

Nánustu aðstandendur voru mikið fegnir þeirri stund þegar hann losnaði úr þrjúm. Hann fékk loks úthlutað herbergi á fallettu sambýli í Hafnarfirði. Þar hitti ég hann í fyrsta sinn.

→ Hættum að stjórnast af ímynduðu stolti og setjum hagsmuni einstaklinganna í fyrsta sæti. Stöndum vörð um herbergjasambýlin.

Ég er sannfærður um að á sambýlinu hafi hann átt ein sín bestu ár og hann nauðinnilega samverunnar við aðra íbúa heimilisins og nálægðarinnar við starfsmenn. Það gleður mig óendanlega að hann hafi eytt sínum síðustu ævi- árum hamingjusamur með þó búsetuúr- ræði sem hann bjó við og að hans félagskapur var fólk en ekki málningin á veggjunum. Saga þessa manns er svo sannarlega áminning til okkar sem störf- um við málefni fatlaðs fólks.

Við megum ekki láta stjórnast af því hvað þykir flott og fínt – eða réttara sagt hvað við ályktum að sé flott og fínt. Raunveruleikinn er sá að margir búa við fötlun sem gerir það að verkum að þeim hentar engan veginn að búa einir í sinni íbúð. Herbergjasambýli er svo sannarlega góður kostur fyrir marga fatlaða einstaklinga en þar ríkir ákveðin nálægð milli íbúa og starfsmanna sem ég veit fyrir vist að íbúar sambýllanna njóta. Það er engin skömm að því. Hættum að stjórnast af ímynduðu stolti og setjum hagsmuni einstaklinganna í fyrsta sæti. Stöndum vörð um herbergjasambýlin.

Höfundur er sálfræðimennta-
dur og starfsmaður á sambýli og
íbúðakjarna fyrir fatlaða.

Vegur Guðs er
lýtalaus, orð
Drottins er hreint,
skjöldur er hann
öllum sem leita
hælis hjá honum...

www.suisdepisla.is

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



LOFTGÆÐI Í REYKJAVÍK

Málþing um loftgæði í Reykjavík verður haldið á Hótel Reykjavík Natura fimmtudaginn 16. apríl næstkomandi frá kl. 13-16. Meðal fyrirlesara eru Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, fulltrúar frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur auk fjölda annarra.

CURCUMIN

- Liðamót
- Bólgur
- Gigt
- Hjarta- og æðakerfi



Gullkryddið

Allt að 50 sinnum áhrifameira en hefðbundið Túrmerik!

CURCUMIN (gullkryddið) er virka innihaldsefnið í Túrmerik rötinni og hefur verið notað til lækninga og til matargerðar í yfir 2000 ár í Asíu. Hátt í 3.000 rannsóknir hafa verið gerðar á þessari undrarót undanfarna áratugi.

Fáanlegt í nær öllum apótekum landsins, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetið, Lifandi Markaður, Sportlíf, Heilsuver, Heilsuhornið Blómaval, Heilsulausn.is og Heimkaup



KAUPAUKATILBOÐ

Ef þú kaupir Nutrilenk Gold 180 tbl. fylgir Nutrilenk Active með. Tilboðið gildir á flestum sölustöðum.




VINNA VEL SAMAN

GENGUR VEL KYNNIR Nutrilenk Gold og Nutrilenk Active eru frábær bætiefni sem geta virkað vel saman fyrir þá sem þjást af verkjum og stirðleika í liðum. Nú gefst frábært tækifæri til að prófa þau saman því Gengur vel býður Nutrilenk Active sem kaupauka með hverju 180 töflu glasi af Nutrilenk Gold.

„Nutrilenk hefur hjálpað ótrúlega mörgum sem hafa fundið fyrir verkjum og stirðleika í skrokknum og í raun hefur fólk talað um að það hafi fengið nýtt líf,“ segir Ásta Kjartansdóttir vörustjóri hjá Gengur vel ehf. Nutrilenk Active er framleitt fyrir þá sem þjást af stirðleika og verkjum í liðum og er talið hafa áhrif á liðvökvann en mælt er með Nutrilenk Gold fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski og slitnum liðum. Reyndar nota margir báðar tegundir saman með frábærum árangri,“ bætir Ásta við.

Nutrilenk fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða og verslana. Nánari upplýsingar á: www.gengurvel.is



Friðleifur Friðleifsson er mikill íþróttamaður og hefur hlaupið frá árinu 2008. „Sem

hlaupari er mikilvægt að halda öllum liðum vel smurðum. Þar kemur Nutrilenk Active að góðum notum. Ég hef núna notað Nutrilenk Active í töluverðan tíma og finn að líkaminn þolir langvarandi álag mun betur og eymsli í liðunum eru miklu minni en áður. Ég get ég hiklaust mælt með Nutrilenk Active. Það virkar.“



Lára Emilsdóttir, 59 ára fjármálastjóri, greindist með brjóstakrabbamein fyrir einu

og hálfu ári. Hún þarf að vera á andhormónalyfjum til að halda meininu í skefjum og hafa þau farið þannig í skrokkinn á henni að hún varð undirlögð af skelfilegum liðverkjum. „Ég ákvað að prófa Nutrilenk Gold og viku seinna fann ég mun. Nutrilenk Gold heldur mér góðri og mér er mikið í mun að deila þessari reynslu því ég veit um margar konur í sambærilegri stöðu!“

Stretch og háar í mittið

Verð 14.900 kr.

4 litir:
hvítt, ljósblátt,
blátt, svart.
Stærð 34 - 48 (50).

Rennilás neðst á skálmum.

Gallablátt á 15.900 kr.

Opið virka daga kl. 11-18
Opið laugardaga kl. 11-16

black pepper
FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Klík á myndir og verð á Facebook

Natural Health Labs

RASPBERRY KETONES

Hindberja brennsla

- Fitubrennsla
- Fitusöfnun
- Blóðþrýstingur
- Orka og úthald



MAGNOLIA OFFICINALIS

Heilbrigður svefn

- Heilbrigður svefn
- Upphaf svefns
- Samfelldur svefn
- Þunglyndi og kvíði



GARCINIA CAMBOGIA

Citrus brennsla

- Svengd
- Sætupörf
- Minna kvöldsnarl
- Fitu-uppbygging



CURCUMIN

Gullkryddið

- Liðamót
- Bólgur
- Gigt
- Hjarta- og æðakerfi



Fáanlegt í nær öllum apótekum landsins, Lyfja, Apótekið, Apótekarinn, Lyf og Heilsa, Lyfsalinn, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetið, Lifandi Markaður, Sportlíf, Heilsuhornið Blómaval, Heilsuver, Heilsulausn.is og Heimkaup

BALSAM.ehf Býður betra val

Alltaf 100% náttúrulegt

www.balsam.is

Húð, hár og neglur

GOJI BER

- Hár, húð og neglur
- Velliðan
- Sjón og minni
- Stútfull af andoxunarefnum, vítamínum, steinefnum, aminosýrum og fitusýrum



GOJI BER innihalda 500 sinnum meira magn C-vítamíns en appelsínur, margfalt meira járn en spínat og tífalt meiri andoxunarefni en bláber

Hamingjuberin

Fáanlegt í nær öllum apótekum landsins, Heilsuhúsið, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Lifandi Markaður, Sportlíf, Heilsuver, Heilsuhornið Blómaval, Heilsulausn.is og Heimkaup



Svefnvandi, kvíði, depurð

MAGNOLIA OFFICINALIS

- Heilbrigður svefn
- Upphaf svefns
- Samfelldur svefn
- Þunglyndi og kvíði



Börkur af plöntunni MAGNOLIA OFFICINALIS, sem vex í fjallahéruðum Kína, hefur verið notaður við svefnvandamálum, kvíða og þunglyndi í yfir 2000 ár í Asíu.

Heilbrigður svefn

“Hjálp þér að losna úr vítahringnum og ná stjórn á svefninum”
Dr. Michael Breus
www.thesleepdoctor.com

Fáanlegt í nær öllum apótekum landsins, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Lifandi Markaður, Heilsuver, Heilsuhornið Blómaval, Heilsulausn.is og Heimkaup



FÉKKSTU EKKI
BLAÐIÐ Í MORGUN?
KOM ÞAÐ OF SEINT?

Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer
800 1177 eða á dreifing@postdreifing.is

Post dreifing

Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.

Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna og 8:15 á laugardögum

FRÉTTABLAÐIÐ



Á FLUGI VIÐ ÚLFARSFELL Að sögn Anitu bætist ný vidd við lífið á fluginu.

MYND/SAMÚEL ALEXANDERSSON

YFIRSÝN, AFSLÖPPUN OG MIKIÐ FRELSI

VAXANDI SPORT Svifvængjaflug er ört vaxandi sport hér á landi og sjást litríkir svifvængir á himni í mun meira mæli en áður, þegar hlýnar í veðri. Fisfélag Reykjavíkur hefur haldið byrjendanámskeið í svifvængjaflugi frá árinu 2007 og sífellt fleiri sækja slík námskeið.

Svifvængjaflugkennarinn Anita Hafdís Björnsdóttir álpaðist sjálf inn á fyrsta svifvængjaflugnámskeiðið sem haldið var af Íslendingum árið 2007. „Ég vaknaði einn sólríkan vormorgun með þá flugu í höfðinu að mig langaði til að prófa svifvængjaflug. Ég fór á Google og komst í samband við Fisfélag Reykjavíkur. Ég fór í kjölfarið á námskeið og þá varð ekki aftur snúið.“

NÁMSKEIÐ EINA VITIÐ

Anita segir í raun eina vitið að fara á námskeið vilji fólk stunda sportið á öruggan og skemmtilegan hátt. „Það dregur úr líkum á meiðslum og gerir upplifunina á allan hátt skemmtilegri.“

Að jafnaði koma um 20-30 manns á hvert námskeið en þau eru haldin í Reykjavík, Vík í Mýrdal og á Húsavík í ár. „Við byrjum á sléttlendi og þar lærir fólk að taka upp og höndla vænginn. Fyrstu skiptin förum við ekkert á loft en þegar nemendur eru tilbúnir tökum við fyrstu hólahoppin sem þýðir að við förum um það bil metra frá jörðu. Þá erum við að æfa flugtak og landingu og þegar það er komið förum við í hænuskrefum hærra,“ útskýrir Anita.

Aðspurð segir hún ekki mikið um slys í sportinu. „Það er þá helst að fólk snúi sig á ökkla þegar það er að taka af stað og lenda og þess vegna er alltaf mælt með því að fólk sé í skóm með góðum ökkla-stuðningi.“

EKKI ENDILEGA ADRENALÍNSPORT

Anita segir ekki endilega um adrenalínsport að ræða þó fólk stjórni því auðvitað svolítið sjálf. „Það er hægt að kaupa litla og hraðskreiða vængi og stökkva fram af mikilli hæð en að mínu mati er alveg jafn gaman að láta sig svífa fram og til baka í góðu lofti eða hafgolu. Ég upplifi mikla afslöppun og aftengingu og það kemst ekkert annað að. Maður fær mikla yfirsýn og það bætist hreinlega við ný vidd í lífið. Margir ganga með flugdrauma í maganum en á svifvæng flýgur maður eins og fuglinn án nokkurra vélarhljóða. Því fylgir mikil frelsistilfinning,“ útskýrir Anita.

Hún segir kennslu á byrjendanámskeiðunum samkvæmt alþjóðlegum kennslustaðli og útskrifast nemendur með Paraopro 2 stig. „Kennd eru undirstöðuatriði svifvængjaflugs, beiting vængsins og fræðileg atriði á borð við veðurfræði, flugeðlisfræði, flugreglur og fleira.



VIÐ SKÓGAFOSS Hér flýgur samkennari Anitu, Róbert Bragason, með nemanda yfir Skógafoss.

MYND/ROMAN GERASYMENCO

Í Reykjavík fer verklega kennsla fram á kvöldin og um helgar þegar til þess viðrar og getur námskeiðið tekið nokkrar vikur, allt eftir veðri. Í Vík er kennt allan daginn í 5-10 daga eftir veðri, en veður og vindar ráða óhjákvæmilega miklu um tímasetningar. „Í Reykjavík byrjum við við félagsheimili okkar í Mosfellsbæ og tökum yfirleitt fyrstu flugin úr Hafráfjalli. Í Vík eru svo fjölmörg flugsvæði. Við höfum boðið upp á námskeið þar síðastliðin tvö ár og eru Reykvíkingar að sjálfsögðu velkomnir þangað líka. Þá gistum við í tjöldum og það skapast aðeins önnur stemning. Við ætlum svo að bjóða upp á námskeið á Húsavík í fyrsta skipti í júní en við vorum með kynningu á Mærudögum í fyrra og skynjuðum mikinn áhuga,“ segir Anita

HÆGT AÐ SVÍFA UM ALLT LAND

En hvert farið þið sem eruð vanari að fljúga? „Hér í Reykjavík erum við mikið í Hafrafelli og Úlfarsfelli enda hægt að skjótast þangað eftir vinnu. Sömu leiðis upp í Esju, Bláfjöll og Skálafell. Þá höfum við verið í Ingólfsfjalli og víða í kringum Vík í Mýrdal. Við höfum líka verið við Seljalandsfoss, Skógafoss, á Seyðisfirði, Akureyri og Húsavík. Það er í raun hægt að fljúga um allt land svo lengi sem ekki er verið að trufla aðra flugumferð og veður leyfir.“

Allar nánari upplýsingar er að finna á paraglid-ing.is.

Full búð af nýjum vörum

20-50%

afsláttur af öllum vörum



Tunika
stærðir 10 - 22
Verð áður 11.900 kr.-
Nú aðeins 6.990 kr.-



Tunika
stærðir 10 - 22
Verð áður 11.900 kr.-
Nú aðeins 6.990 kr.-



Kjöll
stærðir 38 - 46
Verð áður 22.900 kr.-
Nú aðeins 17.900 kr.-



Tunika
Litir:
svart - offwhite - coral
stærðir 38 - 44
Verð áður 12.900 kr.-
Nú aðeins 5.990 kr.-

COSMO
Kringlunni


Max Mara dagar

15% afsláttur af öllum vörum frá Max Mara Verið velkomin



MARINA RINALDI WEEKEND MaxMara PENNYBLACK *Parisartizkan* TÍZKAN

Fylgist með okkur á facebook.com/Parisartizkan MaxMara persona Skipholt 29b • S. 551 0770



Stigahúsateppi Mikið úrval!



Viðurkennd gæðateppi, slitsterk, ofnæmisprófuð og samþykkt af Mannvirkjastofnun.

Óhreinindavörn sem lengir líftíma teppanna og léttir þrif.

Mælum og gerum tilboð án skuldbindinga og kostnaðar

PARKET & GOLF

Ármúli 32, 108 Reykjavík
Sími 568 1888
www.parketoggolf.is

Sérverslun með teppi og parket

ALLT Á HVOLF

ALLT ÖDRUVÍSI Að breyta út af venjunni og jafnvel að gera algjörlega það sem er andstætt henni í mataræðinu gæti hjálpað til við að bæta það.

Það er auðvelt að festast í ákveðnu mynstri þegar verið er að huga að bættu mataræði. Það gæti gerst vegna þess að ákveðinni áætlun er fylgt og viðkomandi er komin með leiða á að borða sama eða svipað fæði dag eftir dag. Það getur líka gerst þegar fólki hefur gengið vel að léttast en staðnar svo og nær ekki af sér þessum síðustu kílóum sem takmarkið sagði til um að losna ætti við. Sama hver ástæðan er fyrir því að fólk festist í sama hjólfarinu þá er ein leið til að komast upp úr því; að kollvarpa hlutunum. Að breyta algjörlega því sem venjan segir til um og prófa andstæðu hennar.



MIKIÐ Á MORGUNANA Það gæti verið sniðugt gera morgunmatinn að stærstu máltíð dagsins.

mennskuna. Borðið það sem þið eruð vön að borða steikt eða soðið hrátt og öfugt. Til dæmis má skera rósakál og rófur í þunnar sneiðar og skella inn í samlokuna eða í salatið. Eða fara í hina áttina, að elda það sem venjulega er borðað hrátt. Það er til dæmis gott að grilla kál eins og Romaine-salat og steikja sellerí með hvítlauk og kryddi.

SKIPTIÐ UM DISKA

Þegar gera á vel við sig og borða tvíréttaða máltíð er sniðugt að skipta á forréttadiskunum og aðalréttadiskunum. Oft eru forréttirnir bornir fram á minni diskum en aðalréttirnir en forréttirnir eru oftast léttari (og hollari) en aðalréttir. Þessi einfalda aðgerð gæti gert það að verkum að færri kaloríur komast í kroppinn og seddan færst fyrir yfir.

Magnið af mat sem við skömmtum okkur helst oft í hendur við stærð disksins sem við erum með í höndunum. Þegar forréttadiskurinn er hafður stærri en aðalréttadiskurinn er líklegri að meira grænmetis sé neytt, aðalrétturinn sé hafður í hófi og að viðkomandi standi upp frá borðum passlega mettur.

KVÖLDMATUR Í MORGUNMAT

Flestir borða minna á morgnana og meira á kvöldin þegar þetta ætti í raun að vera öfugt. Orkuþörfin er meiri þegar við vöknum á morgnana og eigum daginn fyrir okkur en á kvöldin þegar við erum að búa okkur undir að ganga til náða. Það gæti verið sniðugt að reyna þetta og hafa morgunmatinn stærstu máltíð dagsins.

HRÁTT EÐA ELDAÐ

Ef leiðinn og venjan er vanda málið í mataræðinu gæti verið sniðugt að hrista upp í hlutunum með því að endurhugsa elda-



BREYTT TIL Þegar fólk er komið með leið á mataræðinu er gott að kollvarpa því og fara aðrar leiðir.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T

SUMARDEKK

ÞRIÐJUDAGUR 14. APRÍL 2015

Kynningarblað Nesdekk, Dekkjahöllin, dekkjaskipti og góð ráð

Nesdekk færir út kvíarnar

Nú býður hjólbarðaverkstæðið Nesdekk upp á frábært úrval og aðstoð fagmanna á fimm stöðum á suðvesturhorni landsins.

Nú eru fimm hjólbarðaverkstæði rekin undir nafni Nesdekk á suðvesturhorni landsins. Nýjasta viðbótin er Nesdekk í Garðabæ, sem áður hét Nýbarði, en öll eiga þau það sameignlegt að veita bíleigendum fyrsta flokks þjónustu og vörur þegar kemur að sumar- og vetrardekkjum, smurþjónustu og smáviðgerðum að sögn Ólafs Konráðs Benediktssonar, deildarstjóra Nesdekk. „Starfsemi stöðvanna er samræmd, enda markmiðið að viðskiptavinir okkar njóti nákvæmlega sömu þjónustu og heildarupplifunar á þeim öllum.“

Gott úrval sumardekkja er í boði og reynslumiklir starfsmenn ráðleggja viðskiptavinum um val á réttum dekkjum fyrir hvern og einn. „Nesdekk býður upp á fimm gæðamerki; Pirelli, Toyo Tires, BFGoodrich, Maxxis og Interstate. Þar geta allir fundið dekk við sitt hæfi í ýmsum verðflokkum. Ódýra línan okkar er frá Interstate en þrátt fyrir lágt verð er um að ræða gæðadekk. Starfsmenn okkar veita góð ráð enda þarf að ýmsu að huga þegar ný sumardekk eru valin. Þá er m.a. tekið mið af stærð bílsins og til hvers hann er notaður í dagsins önn. Eins bjóðum við upp á dekk sem draga úr eyðslu.“

